# LÖGMANNA BLAÐIÐ

## Lögmannafélag Íslands 90 ára 1911 -2001

7. árg. Desember 5 / 2001


Pistill formanns

Mörður lögmaður

Morgunverðarfundur um aukna samkeppni í lagakennslu

Um lögfræðikennslu í Háskólanum í Reykjavík

Frá félagsdeild LMFÍ

Úr myndasafni

Meistaramót LMFÍ í knattspyrnu utanhúss 2001



**Útgefandi:**
Lögmannafélag Íslands

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

**Ritnefnd:**
Bjarki H. Diego hrl.
Björn L. Bergsson hrl.
Ragnar H. Hall hrl.



Jakob R. Möller hrl.
**Framkvæmd nýrra lögmannalaga**
*Bls. 9*

Ingimar Ingason, frkv.stj. LMFÍ
**Morgunverðarfundur LMFÍ um aukna samkeppni í lagakennslu – áherslur og áhrif**
*Bls. 16*

Davíð Þór Björgvinsson, prófessor
**Lögmannafélag Íslands 90 ára**
*Bls. 20*







# Jólaball

## Dómarafélags Íslands
## Lögfræðingafélags Íslands
## Lögmannafélags Íslands
## og starfsmanna

verður haldið sunnudaginn **30. desember 2001**
frá kl. 15:00-17:00 í Kiwanishúsinu
Engjateigi 11, 2. hæð, 105 Reykjavík,

Miðaverð:
Fullorðnir kr. 1200.- Börn kr. 900.-
Ókeypis fyrir börn yngri en 1. árs.

***Innifalið í verði er gos eða kaffi og kökur fyrir börn og fullorðna auk þess sem börnin fá sælgætispoka frá jólasveininum.***



**Miðar verða seldir á skrifstofu LMFÍ til 28. desember. Hægt er að panta miða símleiðis eða með tölvupósti á netfang: jonak@lmfi.is og leggja inn á reikning félagsins.**



*Ásgeir Thoroddsen hrl., formaður LMFÍ*

# Pistill formanns

*Endurskoðun laga um lögmenn nr. 77/1998*

### *Afmæli fagnað*

Lögmannafélag Íslands fagnar afmæli. Hinn 11. desember 2001 eru 90 ár liðin frá stofnun félagsins. Félagið hét reyndar upphaflega Málflutningsmannafélag Íslands en frá árinu 1944, Lögmannafélag Íslands. Stofnendur, í desember 1911, voru 17 og fyrsti formaður félagsins Eggert Claessen, þá málflutningmaður við landsyfirréttinn. Eggert gengdi formennsku til 1918 og reyndar í tvígang síðar, árið 1921 og 1940 til 1941. Er hann eini lögmaðurinn sem þrisvar sinnum gegndi formennsku í félaginu og ólíklegt að aðrir leiki það eftir.



**Ásgeir Thoroddsen, hrl.**

Segja má að stétt lögmanna hafi fyrst orðið til með lögum 32/1905 enda þótt fyrstu almennu lögin um lögmenn og störf þeirra kæmu ekki til fyrr en með lögum 61/1942. Í þeim lögum segir að lögmenn séu opinberir sýslunarmenn og einnig er kveðið á um skylduaðild þeirra að Lögmannafélagi Íslands. Lögin frá 1942 voru umgerð réttinda og skyldna lögmanna, og giltu þau með nokkrum breytingum, allt þar til lög um lögmenn nr. 77/1998 tóku gildi 1. janúar 1999.

Framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, í fullu starfi, var fyrst ráðinn fyrir 20 árum, þegar Hafþór Ingi Jónsson hóf störf en hann starfaði frá 1981 til september 1989. Unnur Gunnarsdóttir tók þá við en stansaði stutt, eða til mars 1990. Marteinn Másson gegndi störfum frá 1990 til september 1999 en frá þeim tíma hefur Ingimar Ingason verið framkvæmdastjóri félagsins.

Gífurleg fjölgun hefur verið í félaginu, sérstaklega síðustu 15 árin. Þannig voru félagsmenn árið 1985, 279 talsins en eru nú rúmlega 600.

Á stórafmælum er til siðs að líta jafnt til baka sem fram á veginn. Til að skyggnast í söguna réði félagið Davíð Þór Björgvinsson prófessor. Fróðleg grein hans og skemmtileg birtist í því hefti Tímarits lögfræðinga sem kemur út um þessar mundir.

### *Sjálfstæðir lögmenn og óháðir*

Frá upphafi hefur Lögmannafélag Íslands talið miklu skipta að standa vörð um óháða og sjálfstæða stétt lögmanna sem væri meðal hornsteina nútíma réttarríkis. Hefur ætíð þótt nauðsynlegt að lögmaður gæti lagt hið skynsamlegasta til máls skjólstæðings síns; þess sem hann viti sannast eftir lögum og eigin samvisku, óháð nokkrum öðrum áhrifavöldum. Af þessu grundvallaratriði hefur félagið talið leiða að félag lögmanna ætti sjálft að fara með agavald yfir starfandi lögmönnum. Við setningu lögmannalaganna 1998 varð um þetta atriði mikill ágreiningur, því frumvarpið gerði ráð fyrir að agavaldið flyttist til framkvæmdavaldsins. Niðurstaðan í lögunum frá 1998 varð hins vegar sú að starfandi lögmenn yrðu þrír af fimm mönnum í úrskurðarnefnd lögmanna sem tók við hlutverki, sem áður hafði verið hjá stjórn félagsins. Fer úrskurðarnefndin nú, ásamt stjórn Lögmannafélagsins, með agavald yfir lögmönnum.

### *Opinberir embættismenn í praksís*

Stjórn Lögmannafélagsins barðist fyrir því á annan tug ára að opinberir embættismenn stunduðu ekki almenna lögmennsku og náðist árangur loks 1971 þegar reglugerð var sett um að störf lögfræðinga við embætti dómara, í stjórnarráði,

**Lögmannafélag Íslands**
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfi@lmfi.is
heimasíða: www.lmfi.is

**Stjórn L.M.F.Í.**
Ásgeir Thoroddsen hrl., formaður
Helgi Birgisson hrl., varaformaður
Ársæll Hafsteinssson hdl., gjaldkeri
Lára V. Júlíusdóttir hrl., ritari
Helgi Jóhannesson hrl., meðstjórnandi

**Starfsfólk L.M.F.Í.**
Ingimar Ingasson, framkvæmdastjóri
Jóna Kristjana Kristinsdóttir, félagsdeild
Guðný Gísladóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn: kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Netfang ritstjórnar: jks@landslog.is

**Prentun:**
Ísafoldarprentsmiðja

**Umsjón auglýsinga:**
Öflun ehf., sími 533 4440

hjá lögreglustjóra og víðar væru ekki talin samrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda.

Með núgildandi lögum um lögmenn er lögfest að þeir einir geti notað starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður (hdl). eða hæstaréttarlögmaður (hrl). sem annað hvort;

- hefur opna lögmannsstofu og þá starfsábyrgðatryggingu og heldur fjárvörslureikninga fyrir fé skjólstæðinga sinna eða,
- starfar sem innanhúslögmaður félags eða stofnunar og vinni þá eingöngu fyrir atvinnurekanda sinn.

Nokkuð erfiðlega hefur gengið að framfylgja þessum reglum. Sumum hefur þótt mjög að sér vegið, þegar þeim er gert að leggja inn hdl/hrl. réttindi sín til dómsmálaráðuneytisins af því að þeir falla í hvorugan hópinn. Hér er um sómakæra lögræðinga að ræða sem alls ekki eru að misnota réttindi sín, en eru stoltir af hdl./hrl. titli sínum og telja jafnvel stjórnarskrárbrot ef af þeim er tekið.

Lögmannalögin eru skýr og fjalla um réttindi og skyldur þeirra sem vinna að lögmennsku en ekki annarra. Titillinn hdl./hrl. er starfsheiti þeirra sem að lögmennsku vinna en ekki annarra og hlýtur Lögmannafélagið og ráðuneytið að fara að lögum.

## Litið fram á veginn

En lítum fram á veginn og metum stöðu og tækifæri lögmanna. Ég tel líklegt að lögmannsstofum eigi eftir að fækka en lögmönnum eigi eftir að fjölga. Fjölgun í lögmannsstéttinni verði því hjá stærri lögmannsstofum. Sérhæfing lögmanna muni aukast með flóknara lagaumhverfi og líklegra sé að sú sérhæfing gerist á stærri stofum fremur en hjá einyrkjum. Þá er líklegt að aukin erlend samskipti eigi eftir að færa lögmönnum tækifæri, þeim sem búa yfir færni í ensku lagamáli og hafa nokkra þekkingu á viðskiptaumhverfi og kröfum lánastofnana.

*Ég tel líklegt að lögmannsstofum eigi eftir að fækka en lögmönnum eigi eftir að fjölga.*

Lagadeild Háskóla Íslands hefur verið gagnrýnd fyrir að undirbúa laganema ekki nægilega fyrir þarfir atvinnulífsins og að skilningur lögfræðinga þaðan sé takmarkaður á klukkuverki viðskipta, skattamála og bókhalds. Hái það lögmönnum í störfum þeirra. Starfandi lögmönnum er það fagnaðarefni að laganemar muni nú eiga fleiri kosta völ því lagadeild Háskóla Íslands hefur fengið samkeppni eftir að hafa verið ein um íslenska lagakennslu í 90 ár. Við flestar aðrar námsbrautir en lögfræði geta námsmenn t.d. lokið námi erlendis, en til þess að læra íslenska lögfræði gengur það eðlilega ekki, og hefur ekki, hingað til, verið í önnur hús að venda en lagadeild Háskóla Íslands.

Til þess að standast samkeppni við aðrar stéttir ráðunauta þurfa lögmannsstofur að eiga kost á fjölhæfni og víðara þekkingarsviði lögfræðinga en áður. Fleiri námsleiðir verða vonandi til þess.

Nú vinna Lögmannafélagið, Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands að því að stórauka samvinnu sína um fundi, fræðslu, endurmenntun og útgáfu. Er gert ráð fyrir að Sýslumannafélag Íslands og jafnvel fleiri félög lögfræðinga komi að því samstarfi. Er það trú mín að sameinaðir kraftar geti skilað betri árangri, því viðfangsefnin á þessum sviðum starfsins eru svipuð hjá félögum lögfræðinga. Muni slíkt samstarf geta stuðlað að enn aukinni færni lögmanna í starfi.

Reykjavíkurborg

TM
TRYGGINGA MIÐSTÖÐIN HF.
AÐALSTRÆTI 6-8 · 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515-2000

JAKOBS PELSAR

Skólavörðustíg 2

S: 544 8880



hskj©011101

# Af Merði lögmanni

*tilvistarspurningar á aðventu*

Þegar nálgaðist aðventu fór Mörður að hugsa til jólahátíðar og áramóta. Ævinlega á þessum tíma ársins íhugaði hann lífshlaup sitt og við áramót strengdi hann þess fögur heit að nú yrði tekinn upp nýr og betri lífsstíll. Hann hét þess árlega að leysa út árskortið hjá Jónínu Johnson og að neysluvísitala sín í mat og drykk skyldi nú þróast í rétta átt.

Á skrifstofunni voru annir á þessum tíma, dómarar landsins kepptust við að klára sína dóma fyrir áramótin og þau fáu mál sem Mörður luntaðist með fyrir dómstóla voru gjarnan flutt munnlega á þessum tíma. Málflutningurinn hafði aldrei heillað Mörð sérstaklega „ég er maður sátta – því betri er mögur sátt en feitur dómur“ sagði Mörður gjarnan á góðri stund. Hann hefði raunar aldrei skilið rökfræðina í þessu spakmæli því alla jafna var betri feit sátt en magur dómur. En Mörður vildi sem sé helst vera á sínum kontór að snudda við pappíra eins og hann orðaði það, frekar en að fljúgast á í dómsölum.

En nú var það eitthvað sem angraði hið annálaða jafnaðargeð Marðar. Lífshlaup hans fyllti brátt tugina fimm og ósjálfrátt hvarflaði hugurinn til þess hvernig tekist hefði til í samanburði við aðra á svipuðu reki. Honum var hugsað til félaganna úr Gaggó Vest, þeir höfðu flestir spjarað sig og þeir hvað best sem minnst höfðu lært. Úr lagadeildinni minntist hann fjörugra félaga sem sópað hafði að. Hvar voru nú þessir strákar?

Smám saman rifjaðist upp fyrir Merði að fyrir utan einstaka framsóknarmann höfðu Lagadeildarfélagarnir forðum ýmist verið andlitshærðir úlpumenn, sem seldu Neistann, blað Æskulýðsfylkingarinnar, fyrir utan Ríkið, ellegar sléttgreidd bindismenni sem lofuðu hina frjálsu samkeppni og afneituðu hinni dauðu hönd ríkisvaldsins í löngu máli í ræðu sem á riti.

Þegar Mörður fór að setja það niður fyrir sér hvar félagarnir væru nú niðurkomnir varð hann klumsa. Svo virtist sem að Neistasölumennirnir hefðu helst orðið harðsvíraðir praktíserandi lögmenn sem rökuðu saman fé og keyrðu jeppa. Þeir sem afneituðu hvað harðast hinni dauðu hönd hins opinbera höfðu á hinn bóginn flestir gengið ríkisvaldinu á hönd og hittust nú helst á sellufundum hjá BHMR fyrir utan einn og einn ríkisrekinn lögmann. Gat þetta verið? Hvar voru hugsjónirnar og staðfestan hjá þessum mönnum. Mörður sá jafnvel ekki betur en að einn af hinum forðum félagslega þenkjandi skólabræðrum sínum stæði í ströngu við að fá ónefnd góðgerðarsamtök borin út úr húsi sínu fyrir jólin.

Mörður hafði aldrei verið gefinn fyrir mikið hugsjónatal enda hafði lítið farið fyrir honum í lagadeildinni á sínum tíma innan um öll gáfumennin. Hann hafði fyrst og fremst átt samleið í deildinni með bóndasonum héðan og þaðan af landinu sem undu sér oftast við taflmennsku og vísugerð en forðuðust daglegar málfundaæfingar. Mörður tefldi enn, og á góðri stund átti hann það til að kasta fram kviðlingi. Hann sá því að hugsjónirnar höfðu ekki yfirgefið hann og að hann var að mestu sami Mörðurinn og fylgdist með álengdar þegar skólabræður hans slógust fyrir utan Natófundinn á Sögu forðum daga.

Eftir því sem Mörður íhugaði þetta allt betur sannfærðist hann um að það sannaðist á skólafélögum hans að æðri hugsjónir og lífsgildi væru jafnan eitthvað sem einstakir menn teldu ágætt að gilti fyrir einhverja aðra en sjálfa sig. Honum virtist að eftir því sem að árin liðu kæmi betur og betur í ljós að það væri sama hversu hátt menn töluðu, það hugsaði hver um sig.

Mörður leit út um gluggann, það var fagurt út að líta og jólin nálguðust. Merði varð hugsað til móður sinnar og það heyrðist í útvarpinu: „Jólastimplarnir og jólavasarnir frá Kúnígúnd eru komnir“. Þá kom andinn yfir Mörð og hann kvað:

*Á heiðskírum degi er himinninn blár.*
*Það hressir jafnt fátæka og ríka.*
*Brátt fæðist Jesús, jatan er klár*
*og jólastimplarnir líka.*

Mörður var ánægður með sig og hringdi í Flosa, gamlan skólafélaga, sem enn var fulltrúi sýslumanns fyrir austan fjall. Þeir hlógu dátt af rímsnilld Marðar og ákváðu að hittast um jólin og taka eina skák eða svo. Það var glaður Mörður sem rölti út í rökkrið og ákvað að koma við hjá móður sinni í smákökubakstrinum. Fyrir eyrum hans hljómaði: „ilmurinn úr eldhúsinu er svo lokkandi.“

# *Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með afmælið*


Lögmannsstofa Ingu Þallar ehf.
**Inga Þöll Þórgnýsdóttir, hdl.**
Skipagötu 14, 600 Akureyri

Sími : 462-5024 - Myndsendir: 462-5044

LÖGMENN HAFNARFIRÐI

**Bjarni S. Ásgeirsson, hrl.**
**Ingi H. Sigurðsson, hrl.**
**Ólafur Rafnsson hdl.**

---

**Ólafur Eiríksson, hdl.**
**Gunnar Sv. Friðriksson, hdl.**

Reykjavíkurvegi 60, 220 Hafnarfirði

Sími : 565-5155 - Myndsendir: 565-4744

Edda Sigrún Ólafsdóttir, hdl.

Efstalundi 5, 210 Garðabæ

Sími : 561 5763 - Myndsendir: 562-5763

Læknastofan Ármúla 5
Júlíus Valsson, læknir
Sérgrein: Embættislækningar og Gigtarlækningar

Ármúli 5, 108 Reykjavík
Sími : 530 3600 - Myndsendir: 553 0769

Hörður Einarsson, hrl.

Síðumúla 14, 108 Reykjavík
Sími : 588-1090 - Myndsendir: 588-1091

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Hrafnhildur Stefánsdóttir, hdl.
Jón H. Magnússon, hdl.
Jón Rúnar Pálsson, hdl.
Ragnar Árnason, hdl.

Garðastræti 41, 101 Reykjavík
Sími: 511-5000- Myndsendir: 511-5050
www.sa.is

TAXIS
*taxes*
*consulting*
*international relations*

**Bjarfreður Ólafsson, hdl.**
**Eyvindur G. Gunnarsson, hdl.**
**Garðar Valdimarsson, hrl.**
**Guðjón Ólafur Jónsson, hdl.**
**Vala Valtýsdóttir, hdl.**
**Jón Elvar Guðmundsson, lögfr. fulltrúi**

Hamraborg 10, 200 Kópavogur
Sími : 555-6000 - Myndsendir: 555-6045
www.tax.is

LEGALIS
lögmannsstofan
**Lágmúli 7** | **562 6969**

Gunnar Jóhann Birgisson hrl.
Jóhannes R. Jóhannesson hdl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Þórður Þórðarsson hdl.







# „Að veita afburða þjónustu“

Myndir frá námskeiðinu „Að veita afburða þjónustu“ sem haldið var á vegum félagsdeildar í nóvember 2001. Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri IMG kynnti helstu atriði í þjónustustjórnun. Víða var komið við og hefur þjónustustuðullinn eflaust hækkað hjá nokkrum stofum eftir námskeiðið.


## HEILDARLAUSN Á GEYMSLU OG ÞJÓNUSTU SKJALA!

**Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju, öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.**
**Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.**

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

**Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.**
**Pantaðu bæklinginn okkar í síma 587 9800.**

**Gagnageymslan ehf.**
**Smiðshöfða 1.**
**110 Reykjavík**
**Sími: 587 9800**
**www.gagnageymslan.is**

GAGNAGEYMSLAN

*Jakob R. Möller hrl.*

# Framkvæmd nýrra lögmannalaga

## *Undirbúningur og reynsla*

Jakob R. Möller hrl. var í forystu L.M.F.Í. á nokkuð markverðum tíma í sögu félagsins, m.a. sem formaður á árunum 1998-2000, þegar lokið var endurskoðun lögmannalaga og fyrstu skrefin voru stigin við framkvæmd þeirra. Lögmannablaðið leitaði til Jakobs um frásögn frá þessum atburðum. Brást hann ljúflega við og fylgir hér forvitnileg grein um aðdraganda að setningu laga nr. 77/1998 og framkvæmd þeirra.



**Jakob R. Möller, hrl.**

*Á meðal lögmanna sjálfra var á þessum tíma veruleg umræða um það, hvort áfram ætti að vera skylduaðild að Lögmannafélaginu…*

### Forsaga og upphaflegt frumvarp

Fyrstu heildarlög um lögmenn hérlendis voru lög nr. 61/1942, en áður höfðu ákvæði um lögmenn verið í réttarfarslögum. Af lögunum sjálfum er auðráðið, að þau voru einkum miðuð við starfsemi sjálfstætt starfandi lögmanna, sem veittu almenningi þjónustu. Sama máli gegnir um hin nýju lögmannalög nr. 77/1998, þótt þau heimili jafnframt svokallaða innanhússlögmenn, sem lengi höfðu tíðkazt án sérstakra lagaákvæða, sjá síðar.

Að þeirrar tíðar hætti hétu lög 61/1942 „Lög um málflytjendur“. Á þeim voru gerðar nokkrar breytingar næstu áratugina, en engin heildarendurskoðun, þótt a.m.k. tvær tilraunir hafi verið gerðar. Núverandi lögmönnum var minnisstæðasta breytingin gerð með lögum nr. 24/1995, en þá voru tekin í lög ákvæði um starfsábyrgðartryggingu lögmanna og skyldu þeirra til að geyma fé viðskiptamanna sinna á sérstökum vörzlufjárreikningum. Með þessum lögum var einnig afnumin staða stjórnar Lögmannafélags Íslands sem dómstóls í vissum deiluefnum málflytjenda og viðskiptamanna þeirra, en úrskurðarvald stjórnar hélzt að öðru leyti óbreytt.

Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra, fól réttarfarsnefnd haustið 1994 að semja frumvarp að nýjum heildarlögum um lögmenn og hafði nefndin mikið samráð við lögmenn, hélt með þeim fundi og hlustaði á rök um mismunandi efni. Ástæður endurskoðunarinnar voru ýmsar, lögin þörfnuðust endurskoðunar, heildarendurskoðun á réttarfarslöggjöf var á lokastigi og dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sigurðar Sigurjónssonar um félagsskyldu. Einnig var fyrir dómstólum mál Lögmannafélagsins gegn félagsmanni til heimtu félagsgjalds, sem lögmaðurinn hélt fram, að honum væri óskylt að greiða vegna þess að starfsemi félagsins væri víðtækari en lögmætt væri að krefjast félagsgjalda fyrir.[1] Á meðal lögmanna sjálfra var á þessum tíma veruleg umræða um það, hvort áfram ætti að vera skylduaðild að Lögmannafélaginu og einnig hvort lögmenn ættu að halda einkarétti til málflutnings fyrir dómstólum og jafnvel, hvort færa ætti einkaréttinn til hagsmunagæzlu fyrir stjórnvöldum og öðrum úrskurðaraðilum. Sýndist lögmönnum sitt hvað.

Dómsmálaráðherra tók ákvörðun um það, að í frumvarpinu skyldi byggt á því, að skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands yrði afnumin, en einkaréttur lögmanna til málflutnings fyrir dómstólum héldist og tæki raunar til landsins alls og sérdómstóla, sem ekki hafði áður verið. Eftirlit með störfum lögmanna skyldi vera í höndum þriggja manna Lögmannaráðs, þar sem LMFÍ tilnefndi einn mann en ráðherra skipaði hina tvo án tilnefningar. Vafalaust er, að umræður meðal lögmanna, m.a. á allfjölmennum félagsfundi gáfu ráðherra tilefni til þess að telja, að stór hópur lögmanna, jafnvel meirihluti, væri fylgjandi afnámi skylduaðildar. Þáverandi stjórnir félagsins, fyrst undir forystu Þórunnar Guðmundsdóttur og síðar Sigurmars K. Albertssonar, störfuðu ötullega að því að snúa hinum pólitísku öflum gegn þessum meginhugmyndum frumvarpsins. Liður í þeirri vinnu var samning breytts frumvarps, sem kynnt var áhrifamönnum, en þar komu fram allar meginhugmyndir sem síðar mörkuðu þáttaskil í meðferð frumvarpsins á þingi. Voru hugmyndirnar byggðar á tillögum Þórunnar sem nefndarmanns í Réttarfarsnefnd og annarri vinnu, sem fram hafði farið í nefndinni og sérstakri vinnunefnd LMFÍ.

Stjórn LMFÍ stóð einnig að viðamikilli skoðanakönnun á meðal lögmanna um margvísleg atriði. Kom þar skýrt fram, að mikill meirihluti lögmanna var fylgjandi skylduaðild að félaginu og einkarétti þeirra til málflutnings. Þegar

dómsmálaráðherra varð ljóst, hver hugur mikils meirihluta félagsmanna var, hafði hann hátt hyggins manns sem hans var von og vísa og breytti afstöðu sinni. Í framhaldi af þessu var frumvarpinu gjörbreytt í meðförum Allsherjarnefndar Alþingis, þótt meginvinnan hafi, eins og tíðkazt, verið unnin annarsstaðar. Gekk Allsherjarnefnd undir formennsku Sólveigar Pétursdóttur, núverandi dómsmálaráðherra, ötullega til verks og voru lögin samþykkt á Alþingi 2. júní 1998 og tóku gildi 1. janúar 1999.

## Reynslan af lögunum

Sjónarmið þau sem hér verða sett fram, mótazt mjög af því að sá sem þetta ritar gegndi starfi formanns LMFÍ frá aðalfundi 1998 til aðalfundar 2000, og var í stjórn frá aðalfundi 1996, það er á undirbúngstíma og þegar lögin komu til framkvæmda, en þá þurfti stjórn Lögmannafélagsins að taka á ýmsum álitaefnum, sem þau varða. Hér verður ekki fjallað um þær breytingar, sem urðu á öflun málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti samkvæmt 9. gr. laganna, það er sérstök prófnefnd metur hvort mál sem sótt er um teljist tæk sem prófmál í stað Hæstaréttar áður, skilyrði að umsækjandi hafi haft réttindi sem héraðsdómslögmaður í fimm ár í stað þriggja ára áður og hafi flutt a.m.k. 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. Þó verður að geta þess, að um þessar breytingar eru deildar meiningar, en til þess að fjalla um þær þyrfti sérstaka grein í blaðinu.

## 12. gr. lögmannalaga

Með þessari grein var ákveðið skýrlega, að lögmanni væri skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, auk annarra skilyrða. Lögmaður getur sótt um undanþágu frá meginskilyrðinu, (1) gegni hann föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, (2) sé fulltrúi annars lögmanns, eða (3) gegni föstu starfi hjá félagasamtökum. Til þess að undanþágu megi veita samkvæmt fyrsta og þriðja skilyrðinu, þarf að fylgja staðfesting vinnuveitanda um að þjónusta sé ekki veitt í ríkari mæli en greint er í töluliðunum. Í 15. gr. laganna er ákveðið, að taki lögmaður við opinberu starfi, sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda, skal fella réttindin niður.

## Opinberir starfsmenn

Í gildistökukafla laganna eru ákvæði, sem veittu opinberum starfsmönnum svigrúm til þess að afla sér réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi án þess að gangast undir námskeið innan tiltekinna tímamarka, mismunandi eftir stöðu á gildistökudegi laganna. Þessi ákvæði leiddu til þess að mikill fjöldi opinberra starfsmanna fékk útgefin réttindi og hluti þess hóps taldi sig síðan geta haldið réttindum, þótt þeir gegndu áfram störfum hjá hinum opinberu aðilum og sinntu ekki lögmannsþjónustu fyrir viðkomandi stofnun. Dómsmálaráðuneytið reyndist ófáanlegt til þess að hlutast til um, að réttindi þessa hóps yrðu felld niður og er nokkur fjöldi opinberra starfsmanna enn með lögmannsréttindi, þótt ekki verði séð, að þeir sinni lögmannsstörfum, hvorki fyrir stofnun sína né aðra.

## Innanhússlögmenn

Eins og getið var í upphafi leggja lögin, í 1. og 3. tölulið 2. mgr. 12. gr., grundvöll fyrir störfum svokallaðra innanhússlögmanna. Var mikil þörf á að setja reglur um þann glæsta hóp, sem veitir ýmsum fyrirtækjum og félagasamtökum þjónustu sem starfsmenn þeirra. Með lögunum var, eins og lögmönnum er kunnugt, úrskurðarvald í málefnum lögmanna fært frá stjórn LMFÍ til sérstakrar úrskurðarnefndar lögmanna. Við það, að stjórnin hefur ekki lengur í sínum höndum þennan hluta agavaldsins, var orðið tímabært að hinn stóri hópur innanhússlögmanna ætti raunverulega aðild að stjórn félagsins. Á aðalfundi 2000 var einn þeirra kjörinn í varastjórn félagsins og á aðalfundi 2001 í aðalstjórn.

Geta má þess, að í sumum löndum, t.d. Svíþjóð, geta þeir einir orðið félagar í lögmannafélögum sem starfa sjálfstætt, innanhússlögmenn og fulltrúar eru þá ekki í félaginu. Í fleiri löndum hafa staðið deilur um stöðu slíkra launþegalögmanna. Nefnt var fyrr, að fyrirkomulag laganna miðast fyrst og fremst við sjálfstætt starfandi lögmenn sem veita almenningi þjónustu. Þrátt fyrir þetta eru veigamikil rök fyrir því, að innanhússlögmenn, og fulltrúar, séu einnig félagar í sama lögmannafélagi og sjálfstætt starfandi lögmenn. Rökin eru einkum smæð stéttarinnar. Hins verður að gæta, að sjálfstætt starfandi lögmenn hafa skyldum að gegna við skjólstæðinga sína, sem eru allt annars eðlis en þeirra lögmanna sem hafa bara einn skjólstæðing, vinnuveitanda sinn. Brýnt er, að lögmenn allir geri sér grein fyrir þessum mun.

## 19. gr. lögmannalaga

Í lögum 61/1942, og eins og þeim var síðar breytt, voru engin ákvæði um eignarhald á lögmannsstofum. Slík ákvæði voru ekki heldur í upphaflegu frumvarpi til lögmannalaga. Sýnist það hafa stafað af þeirri grillu eins nefndarmanna, að slík ákvæði brytu gegn reglum félagaréttar, eða Evrópuréttar eða guð má vita hvaða réttar. Var þetta því undarlegra sem víðast hvar í Evrópu, auk annarra landa, eru ákvæði sem banna öðrum en lögmönnum að eiga hlut í lögmannsstofum. Stafar þetta af þeim brýnu og sérstöku trúnaðarskyldum, sem lögmenn bera gagnvart skjólstæðingum sínum, en benda verður á, að mikil umræða hefur verið víða um rýmkun lögmanna til samstarfs við aðrar starfsgreinar, svokallað „fjölgreinasamstarf“ (Multi-Disciplinary Practices).

Fyrir tilstuðlan Lögmannafélagsins voru sett inn í frumvarpið í meðförum Alþingis ákvæði núverandi 19. gr. laganna. Eru þau að

mestu viðunandi fyrir lögmenn og skjólstæðinga þeirra. Í 19. gr. er þröngt undanþáguákvæði, sem varð tilefni til langrar og ákafrar deilu, sem þó fór mjög hljótt. Kunnugt er, að á vegum endurskoðunarfyrirtækis hér í borg var rekin sérstök lögmannsstofa og átti endurskoðunarfyrirtækið allt hlutafé lögmannsstofunnar. Endurskoðunarfyrirtækið sótti samkvæmt 5. mgr. 19. gr um undanþágu til dómsmálaráðherra frá skilyrði 4. mgr., það er um eignarhaldið. Umsóknin var send Lögmannafélaginu til umsagnar, eins og fyrir er mælt í 5. mgr. Félagið sendi ítarlega rökstudd mótmæli við umsókninni. Fór svo að lokum, að dómsmálaráðherra hafnaði umsókninni. Um sumarið 1999 urðu húsbóndaskipti í dómsmálaráðuneytinu og var þá umsóknin endurnýjuð af einhverjum ástæðum og hafnað á nýjan leik. Lyktir málsins urðu síðan þau, að lögmannsstofa endurskoðunarfyrirtækisins sameinaðist annarri lögmannstofu og úr varð ein öflugasta lögmannsstofa landsins, LEX.

Allt ofangreint fór fram samkvæmt settum reglum. Svo var ekki um sumt annað, sem á daga stjórnar dreif á þessum tíma. Ýmsir löglærðir starfsmenn endurskoðunar- og fjármálafyrirtækja töldu, að hefðu þeir lögmannsréttindi, gætu þeir veitt viðskiptamönnum vinnuveitenda sinna lögmannsþjónustu. Þurfti til þeirrar afstöðu æði sérstakar lögskýringar, eða réttara sagt lögskýringaleysi. Varð úr þessu nokkur glíma, en á endanum sýnist þetta hafa færzt í rétt horf. Rétt er að leggja á það mikla áherzlu, að afstaða Lögmannafélagsins var ekki gegn því, að lögfræðingar í þjónustu endurskoðunar- og fjármálafyrirtækja veittu lögfræðilega ráðgjöf, enda sjálfsagt mál, heldur hitt að þeir veittu viðskiptamönnum vinnuveitenda sinna lögmannsþjónustu í trássi við skýr fyrirmæli 12. og 19. gr. lögmannalaga.

### Framtíðin.

Engum er ljósara en þeim sem unnu að undirbúningi lögmannalaganna, að þau eru ekki gallalaus. Sumt sem að þeim er fundið, stafar þó ýmist af misskilningi eða vitleysu, en önnur gagnrýni á fyllilega rétt á sér, þótt um séu deildar meiningar. Nú mun hafa verið komið á fót nefnd til endurskoðunar laganna í samstarfi dómsmálaráðuneytis og Lögmannafélagsins. Verður að vona, að sú endurskoðun veiki ekki rétt skjólstæðinga lögmanna og rýri ekki stöðu lögmanna sjálfra. Jafnframt er sú fróma ósk látin í ljós, að stjórnin geri sér sama far og fyrr um að kynna stöðu viðræðna fyrir lögmönnum **áður** en ákvarðanir verða teknar.

1 Dómur Hæstaréttar 19. febrúar 1998, H 1998.71.

# Fréttatilkynning frá Lánstrausti hf.

*Nóvember 2001*

Lánstraust hf kaupir Innheimtukerfi lögmanna – ILplús

Lánstraust hf . og Landsteinar Ísland hf. hafa gert með sér samning um að Lánstraust taki yfir allan rekstur ILplús, með kaupum á grunni kerfisins. Tekur þessi breyting gildi frá 1.nóvember 2001.

Er það mat Lánstrausts og Landsteina Ísland að þessar breytingar muni koma notendum ILplús afar vel. Landsteinar munu einbeita sér frekar að sölu og þjónustu við Navison viðskiptakerfi en Lánstraust hefur að undanförnu lagt aukna áherslu á víðtæka þjónustu við lögmenn, m.a. með kaupum á vefnum www.rettarrikid.is og hugbúnaðarfyrirtækinu Sólveri ehf á síðasta ári. Kaupin á ILplús eru liður í þessari þróun hjá Lánstrausti.

Samhliða því að Lánstraust tekur yfir rekstur ILplús mun félagið leitast við að auka þjónustu við notendur enn frekar. Notendur kerfisins eru ekki einvörðungu lögmenn og lögmannstofur heldur einnig bankar, sveitarfélög og opinberar stofnanir.

Framtíðarmarkmið Lánstrausts með kaupum á kerfinu eru m.a. að tengja kerfið enn frekar gagnagrunnum Lánstraust og auka sjálfvirkni sendinga milli ILplús og t.a.m. Vanskilaskrár. Þá er og áformað að koma á tengingum milli bókhaldsforrita og ILplús.

*Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík.*

# Um lögfræðikennslu í Háskólanum í Reykjavík

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Með þessari yfirlýsingu hefur Háskólinn í Reykjavík markað sér skýra stefnu — hann ætlar að starfa með og fyrir íslenskt atvinnulíf.

Samkeppnisumhverfi nútímans gerir þá kröfu til einstaklinga og fyrirtækja að þau tileinki sér nýjustu þekkingu og tækni. Upplýsingatæknibyltingin og alþjóðavæðing atvinnulífsins kalla á aukna menntun og ný sérfræðisvið innan lögfræðinnar eins og í mörgum öðrum fræðigreinum.

Háskólinn í Reykjavík vill leggja sitt af mörkum til að efla kennslu í lögfræði á Íslandi. Bæði fyrir háskólastúdenta og fyrir starfandi lögfræðinga, sem vilja auka við þekkingu sína. Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík hefur gert samstarfssamning við Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands um endurmenntun félagsmanna. Um er að ræða viðamikið framboð af námskeiðum og er námsframboðið sett saman í náinni samvinnu við félögin þrjú. Rík áhersla er lögð á að bjóða sérsniðið nám sem gefur lögfræðingum nauðsynlega innsýn í rekstur og fjármál. Er það í takt við nýjar kröfur til lögfræðinga samfara nýjum viðskiptaháttum.



*Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík*

*Námið við lagadeild HR mun taka mið af því sem best gerist í erlendum háskólum...*

Haustið 2002 munu fyrstu nemendurnir hefja nám við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Það er sannfæring mín að með tilkomu lagadeildar Háskólans í Reykjavík muni lögfræðimenntun á Íslandi taka framförum. Námið við lagadeild HR mun taka mið af því sem best gerist í erlendum háskólum og við deildina munu starfa hæfustu sérfræðingar hver á sínu sviði. Ég trúi því að samkeppnin muni efla metnað allra þeirra skóla sem bjóða nám í lögfræði og verða hreyfiafl til framfara.

Orðum fylgir ábyrgð og Háskólinn í Reykjavík tekur hlutverk sitt alvarlega. Í starfsemi skólans eru höfð til hliðsjónar þrjú leiðarljós; nýsköpun, alþjóðavæðing og tölvu-og tækniþróun. Markmið Háskólans í Reykjavík er að útskrifa framúrskarandi fagmenn sem eru hvort tveggja í senn öflugir greinendur og gerendur. Jafnframt vill skólinn bjóða stjórnendum og sérfræðingum í atvinnulífinu bestu símenntun sem völ er á. Þannig leggur skólinn sitt af mörkum til þess að byggja upp öflugt atvinnulíf og gott samfélag.


Heimasíða Lögmannafélags Íslands

*Um LMFÍ*
*Lögmenn og þjónusta*
*Vantar þig lögmann*
*Lög og reglur um lögmenn*
*Félagsdeild*
*Bókasafn*
*Útgáfumál*
*Handbók lögmanna*
*Úrskurðarnefnd*
*Athyglisverðar heimasíður*
*Þjónustuskrá lögmanna*

www.lmfi.is

# Rekstar- og stjórnunarnám fyrir lögfræðinga hjá Háskólanum í Reykjavík í samstarfi við Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands

Breytt starfsumhverfi kallar á nýja þekkingu. Starfsvettvangur margra lögfræðinga kallar á aukna þekkingu á viðskiptafræðum og fyrirtækjaumhverfi. Þess vegna býður Háskólinn í Reykjavík, í samstarfi við fagfélög lögfræðinga upp á heildstætt 78 klst. rekstrarnám sem tekur til stjórnunar, fjármála, upplýsingatækni og markaðsmála.

Námið hefst 8. janúar 2002 og skiptist í 5 hluta:

### *I. hluti - Liðsheildin - 6 klst.*

Árangur fyrirtækja byggir oftar en ekki á áhrifaríkum liðsheildum sem starfa að markmiðum með samstilltu átaki. Markmiðið er að þátttakendur skilji betur sína eigin hæfileika og geti greint hverskonar samstarfsfólk þeir þurfa í lið sitt til að tryggja hæfni á sem breiðustum vettvangi. Gerð verður grein fyrir; Liðstjórnunarhjólinu, (TMS), sem er árangursríkt tæki til sjálfsskoðunar og sjálfsmats. Tekið er sérstakt próf og farið sameiginlega yfir niðurstöður.

### *II. hluti - Fjármál - 21 klst.*

Kynning á rekstrarhagfræði og fjármálafræði og þýðingu fræðanna í efnahags- og atvinnulífi. Farið verður í helstu hugtök svo sem kennitölur úr ársreikningi, túlkun þeirra og notkun, kennitölur á hlutabréfamarkaði, framboð og eftirspurn, hegðun neytenda á markaði svo og framleiðslu, kostnaðar og hagnaðarhlutföll. Einnig verður fjallað um fjármögnun fyrirtækja, fjárhagsáætlanir og verðbréfaviðskipti.

### *III. hluti – Upplýsingatækni - 18 klst.*

Farið verður yfir skilgreiningu á gagnagrunnum, sögu gagnasafnsfræðinnar og skoðað hvernig framtíðin kann að líta út. Rætt verður um hagnýtingu rafrænna upplýsinga og notagildi gangagrunna á sviði lögfræðinnar á innlendum og erlendum vettvangi.

### *IV. hluti - Stjórnun - 21 klst.*

Fjallað verður um um starfsmannastjórnun; ráðningar og starfsmannaval, eðli og orsakir frammistöðu í starfi, vinnuvilja, starfsánægju, hvatningu og lágmörkun starfsmannaveltu. Einnig verður fjallað um samningatækni, hæfni til miðlunar upplýsinga, skrif fréttatilkynninga og framkomu í fjölmiðlum. Í þessum hluta er rík áhersla lögð á verklegar æfingar.

### *V. hluti - Markaðurinn - 12 klst.*

Farið verður í hugmyndafræði markaðsfræðinnar, hlutverk og mikilvægi í viðskiptaumhverfi nútímans og notagildi helstu hugtaka skoðuð. Einnig verður komið inn á þætti er varða samkeppnisumhverfi fyrirtækja, vörumerkjastjórnun og þjónustustjórnun.

Í lok II. - V. hluta verða verkefni lögð fyrir þátttakendur. Náminu lýkur með útskriftarathöfn þar sem þátttakendum verða afhent viðurkenningarskjöl. Smellu hér til að sjá stundaskrá.

**Umsóknarfrestur er til 17. desember 2001.**

Verð: 195.000 kr.
Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á netinu á slóðinni: www.ru.is/simennt/logfr_rekstrarnam.asp

## Samskipti lögmanna og tryggingafélaga

Þann 24. október síðastliðinn stóð félagsdeild fyrir námskeiðinu „Samskipti lögmanna og tryggingafélaga“. Yfir 30 lögmenn sóttu námskeiðið en Birgir G. Magnússon, hdl. hjá VÍS fór yfir helstu atriði sem snúa að samskiptum lögmanna við tryggingafélög.





# Styttri námskeið á vorönn 2002 hjá Háskólanum í Reykjavík í samstarfi við Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands

### *Alþjóðlegur skattaréttur*

Fjallað verður almennt um alþjóðlegan skattarétt og hvað felst í þessu réttarsviði. Þá verða skoðaðir tvísköttunarsamningar - túlkun þeirra og notkun - hvernig samningarnir eru notaðir við skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga milli landa. Einnig verður fjallað um ákvæði samninganna um milliverðlagningu (transfer pricing) og ákvæði um takmörkun á notkun samninganna (limited of benefits). Þá verður fjallað um eignarhaldsfélög á aflandssvæðum og alþjóðleg viðskiptafélög. Þá verður farið yfir 8. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 um frádrátt arðstekna frá félagi sem er skattlagt með sambærilegum hætti og hér á landi.

**Lengd námskeiðs:** 9 klst.
**Dagsetning:** 31. jan., 1. og 2. feb. 2002, kl. 9:00-12:00
**Verð:** 37.000 kr.
**Leiðbeinendur:** Kristján G. Valdimarsson hdl., forstöðumaður hjá BÍ verðbréf og stundakennari hjá HÍ og Árni Harðarson hdl., forstöðumaður skattasviðs Deloitte&Touche

### *Rafræn samningagerð og undirskriftir*

Ýmis vandamál eru tengd viðskiptum yfir Netið sem geta leitt til þess að þau séu ekki traust og örugg. Rafrænar undirskriftir og rafræn skilríki eru lausnir sem ætlaðar eru til að leysa þessi vandamál. Margar lögfræðilegar spurningar eru tengdar notkun rafrænna undirskrifta og lagalegu gildi þeirra, t.d. varðandi formskilyrði í lögum, stofnun og skuldbindingargildi samninga, neytendavernd, persónuvernd, sönnun fyrir dómstólum og bótaábyrgð vegna notkunar og útgáfu þeirra. Farið verður yfir þessi álitaefni einkum með hliðsjón af lögum nr. 28/2001 og tilskipun EB 93/99 um rafrænar undirskriftir.

**Lengd námskeiðs:** 9 klst.
**Dagsetning:** 14.-15. feb, kl. 16:00-19:00 og 16. feb. kl. 9:00-12:00
**Verð:** 37.000 kr.
**Leiðbeinandi:** Birgir Már Ragnarsson, hdl. og aðstoðarframkvæmdastjóri Auðkennis hf.

### *Vinnuréttur og vinnusamningar*

Farið verður yfir helstu atriði sem varða réttarstöðu aðila í vinnusambandi á almennum vinnumarkaði. Einkum verða skoðuð ákvæði laga og kjarasamninga sem leitt hafa til réttarágreinings er varða s.s. veikindarétt, orlofsrétt, uppsagnir, ofl. Einnig verða skoðuð ákvæði ráðningasamninga, t.d. er varða heimild til breytinga á ráðningakjörum, samkeppnishindrandi ákvæði, meðferð tölvupósts, réttarstöðu við eigendaskipti o.fl. Rætt verður um áhrif EES reglna á vinnurétt.

**Lengd námskeiðs:**12 klst.
**Dagsetning:** 26. og 28. feb. kl. 8:00-12:00 og 2. mars 2002, kl. 9:00-13:00
**Verð:** 47.000 kr.
**Leiðbeinandi:** Guðmundur B. Ólafsson, hdl., lögfræðingur hjá VR.

### *Heimildaleit á netinu*

Í fyrsta hluta verður farið almennt í notkun Internetsins og rafrænna miðla í lögfræðilegri heimildaleit, þróun miðlunar á slíkum upplýsingum á síðari árum og hvar helst sé að finna upplýsingar á þessu sviði, einkum réttarheimildir. Í tengslum við það verða kynntar helstu vefsíður og vefsíðusöfn, innlend og erlend, sem nýtast íslenskum lögfræðingum í starfi. Í öðrum hluta verður fjallað almennt um upplýsingaleit á bókasafni, rafrænum bókasöfnum, innlendum og erlendum, leit í sérstökum norrænum gagnasöfnum, leit í UFR og KARNOV, auk þess sem fjallað verður um rafræn tímarit og gagnasöfn, sem nýtast lögfræðingum í starfi. Í þriðja hluta verður fjallað sérstaklega um leit í tengslum við reglukerfi Evrópusambandsins, einkum leit í reglugerðum, tilskipunum og öðrum gerðum. Notkun á EUR-LEX verður kynnt.

**Lengd námskeiðs:** 9 klst.
**Dagsetning:** 5.-7. mars 2002, kl. 16:00-19:00
**Verð:** 37.000 kr.
**Leiðbeinendur:** Gunnar Pétursson, lögfræðingur hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Auður Gestsdóttir, bókasafns- fræðingur hjá Landsbókasafni. Brynja Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Samkeppnisstofnun.

### *Samkeppnisréttur*

Í námskeiðinu verður farið yfir helstu samkeppnisákvæði samkeppnislaga og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 107/2000. Lögð verður sérstök áhersla á bann laganna við samráði keppinauta, banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og reglur um samruna. Einnig verður gerð grein fyrir sektarheimildum samkeppnislaga.

**Lengd námskeiðs:** 8 klst.
**Dagsetning:** 19.-22. mars 2002, kl. 17:00-19:00
**Verð:** 33.000 kr.

**Leiðbeinendur:** Ásgeir Einarsson og Jóna Björk Helgadóttir lögfræðingar hjá Samkeppnisstofnun.

## Alþjóðviðskiptaréttur, alþjóðastjórnmál og alþjóðafjármál

Í þættinum um alþjóðaviðskiptalögfræði verður m.a. fjallað um helstu félagsform sem notuð eru um atvinnurekstur í „civil" og „common law" ríkjum. Þá verður fjallað um fjölþjóðleg félög (multinationals) og þær reglur sem um slík félög gilda í gisti- og heimaríkjum félaganna. Ennfremur verður farið yfir helstu reglur og sjónarmið varðandi erlendar fjárfestingar. Dómar verða raktir til skýringa. Kennsluefni verður að mestu á ensku. Í alþjóðastjórnmálum verður farið yfir áhrif stjórnmála á þróun heimsviðskipta. Sérstaklega verður litið til drifkrafta að baki hnattvæðingu efnahagslífsins, til pólitískrar andstöðu gegn hnattvæðingu og til þróunar á hagsmunum ólíkra heimshluta í alþjóðlegum viðskiptum og stjórnmálum. Í lokahlutanum verða kynntar fjármálalegar og rekstrarlegar hliðar alþjóðaviðskipta í nútímaumhverfi. Fjallað verður um bæði aðstæður fjölþjóðafyrirtækja og fyrirtækja með starfsstöð í einu landi í opnu hagkerfi.

**Lengd námskeiðs:** 10 klst.
**Dagsetning:** Mars 2002 - Nánar auglýst síðar
**Verð:** 42.000 kr.
**Leiðbeinendur:** Þórður Gunnarsson hrl. og dósent við HR, Dr. Jón Ormur Halldórsson dósent við HR og Jóhann Ívarsson, MBA, lektor við HR.

## Alþjóðaviðskiptaviðskiptastofnunin - World Trade Organization

Á námskeiðinu verður fjallað um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og sameiginlegt markmið aðildarríkjanna um aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum með vörur og þjónustu. Gerð verður grein fyrir inntaki þeirra grundvallarreglna sem alþjóðaviðskiptakerfið er byggt á, þ.e. reglunni um bestu þjóða kjör (Most-Favoured-Nation Treatment), jafnréttisreglunni (National Treatment) og bannreglunni gegn magntakmörkunum eða öðrum sambærilegum ráðstöfunum í innflutningi eða útflutningi vara. Fjallað verður um þýðingu þessara grundvallarreglna skv. GATT-samningnum um vöruviðskipti og tekið fyrir markmið samningsins um lækkun/afnám tolla. Í kjölfarið verður sjónum beint að samningnum um þjónustuviðskipti GATS og gert grein fyrir heimildum aðildarríkja til að takmarka markaðsaðgang erlendra fyrirtækja á því sviði. Í umfjöllun um það efni verður áhersla m.a. lögð á heimildir þjónustusala til að senda starfsmenn sína til tímabundinnar dvalar í öðrum aðildarríkjum. Þá verður á námskeiðinu varpað ljósi á stöðu og þýðingu svæðisbundinna viðskiptasamninga (RTA) innan alþjóðaviðskiptakerfisins. Að síðustu verður fjallað um það þýðingarmikla hlutverk Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að vera vettvangur fyrir meðferð og úrlausn ágreiningsmála milli aðildarríkja á sviði alþjóðaviðskipta. Gerð verður grein fyrir þessum reglum og fjallað um nokkur af þeim málum sem komið hafa til kasta stofnunarinnar.

**Lengd námskeiðs:** 9 klst.
**Dagsetning:** 11.-13. apríl 2002, kl. 9:00-12:00
**Verð:** 37.000 kr.
**Leiðbeinandi:** Ingvar Sverrisson, lögfræðingur hjá Vinnumálastofnum og stundakennari við Háskólann í Reykjavík

## Stjórnsýsluréttur

**Umsjón:** Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis
**Dagsetning:** Vor 2002 - Kynnt síðar

Upplýsingar og skráning er hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510-6200 hjá Ingu Dóru Halldórsdóttur með netfang ingad@ru.is. Hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu LMFÍ og Háskólans í Reykjavík www.ru.is/simennt/logfr_opin_namskeid.asp


Námskeið hjá lagadeild Háskóla Íslands – mars 2002

An Introduction to the Legal Language – 5 dagar x 3 klst.

Námskeiðið er opið öllum lögfræðingum

| | |
|---|---|
| Númer: | 03.04.56-020 |
| Heiti: | Bandarískt lagamál og réttarkerfi |
| Á ensku: | An Introduction to the Legal Language and Culture of the United States. |
| Vægi: | 1 eining = 2 ECTS |
| Umsjón: | Eiríkur Tómasson, prófessor |
| Kennarar: | Teresa Kissane Brostoff og Ann Sinsheimer, prófessorar við Háskólann í Pittsburgh, Pennsylvaniu. |
| Kennslutímabil: | 4.-8. mars 2002, 5 dagar x 3 klst. síðdegis |
| Tímafjöldi: | 15-20 fyrirlestrar og æfingar |
| Námsmat og próf: | Mætingaskylda og æfingar/verkefni í tíma |

**Nánari upplýsingar veitir kennslustjóri lagadeildar Kolbrún Linda Ísleifsdóttir í síma 525-4000. Athugið að sætaframboð er takmarkað.**

## *Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ*

# Morgunverðarfundur LMFÍ um aukna samkeppni í lagakennslu – áherslur og áhrif

Þann 18. október s.l. stóð Lögmannafélagið fyrir morgunverðarfundi á Grand hótel, til að ræða áhrif aukinnar samkeppni í lagakennslu, en nýlega kynnti Háskólinn í Reykjavík áform um að hefja lagakennslu, auk þess sem Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur sett á stofn sérstaka lögfræðideild innan skólans, þaðan sem hægt verður að ljúka BS gráðu í viðskiptalögfræði og stjórnun. Til að ræða hvaða áhrif þetta aukna framboð og um leið samkeppni kunni að hafa á lagakennslu, samsetningu laganáms og starfssvið lögfræðinga hér á landi í framtíðinni fékk félagið þá Þórð S. Gunnarsson, hrl., frá Háskólanum í Reykjavík, Runólfur Ágústsson, hdl., rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst og Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands til að halda framsögu og ræða þau sjónarmið sem uppi eru.

Í framsögu sinni kynnti Þórður S. Gunnarsson áform Háskólans í Reykjavík um stofnun lagadeildar sem tæki til starfa haustið 2002, þar sem gert væri ráð fyrir 90 eininga námi til fyrstu háskólagráðu, þ.e. BA prófs og í framhaldi af því tveggja ára framhaldsnámi til meistaragráðu. Með þjónustusamningi sem Háskólinn í Reykjavík hafi gert við menntamálaráðuneytið, um kennslu á háskólastigi, væri búið að tryggja fjárhagslegan grundvöll deildarinnar, en jafnframt væri gert ráð fyrir að nemendur greiddu skólagjöld, sem ætlað væri að tryggja enn frekar rekstrargrundvöll deildarinnar.

Fram kom í máli Þórðar að við skipulagningu námsins yrði tekið mið af þörfum íslensks atvinnulífs fyrir lögfræðimenntaða stjórnendur og ráðgjafa, en deildin myndi jafnframt mennta nemendur til hefðbundinna lögfræðistarfa á sviði málflutnings og dómstarfa. Tók Þórður sérstaklega fram að Háskólinn í Reykjavík myndi aldrei sætta sig við einkarétt kandídata frá lagadeild Háskóla Íslands að því er málflutningsréttindi varðar og taldi ástæðu til að endurskoða núgildandi ákvæði laga um lögmenn og dómstóla til að gera þau hlutlaus að því er háskóla varðar. Jafnframt þyrfti að íhuga hvort ekki væri ástæða til að binda réttindi af þessu tagi við fyrsta háskólapróf í lögfræði eða viðskiptalögfræði frekar en kandídatspróf eða meistaragráðu eða sambærilega gráðu aðra.



**Ingimar Ingason**

*...að Háskólinn í Reykjavík myndi aldrei sætta sig við einkarétt kandídata frá lagadeild Háskóla Íslands að því er málflutningsréttindi varðar...*

Taldi Þórður að gera mætti ráð fyrir því að stofnun nýrrar lagadeildar skapaði aukin tækifæri fyir þá sem vilja sinna lagakennslu, auk þess sem samkeppni um góða kennara og einnig góða nemendur myndi aukast. Aukin samkeppni kæmi einnig til með að endurspeglast í vaxandi rannsóknum á sviði lögfræði og bættri samkeppnisstöðu lögfræðinga við aðrar stéttir, einkum gagnvart endurskoðendum og viðskiptafræðingum Í því námi sem Háskólinn í Reykjavík væri að setja á laggirnar yrði boðið uppá námsleiðir þar sem nemendum gefst kostur á að samtvinna lögfræði, viðskiptafræði, tölvunarfræði og aðrar greinar sem að gagni koma við störf í atvinnulífinu. Jafnframt yrði boðið uppá námsleiðir sem nefna mætti viðskiptalögfræði t.d. nám sambærilegt við „cand.merc.-jur.“ nám við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og nám í viðskiptalögfræði við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Taldi Þórður einsýnt að námsáfangar t.d. frá lagadeild Háskóla Íslands eða lagadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst yrðu metnir til eininga við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Slíkt yrði þó væntanlega háð mati hverju sinni og þá einkum horft til lýsingar á námsgrein og einingavægi einstakra greina. Þá mætti gera ráð fyrir að fyrsta háskólapróf í öðrum greinum en lögfræði t.d. í viðskiptafræði opnaði leið inn í meistaranám í lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík og öfugt.

Í máli Runólfs Ágústssonar, rektors Viðskiptaháskólans á Bifröst, kom fram að hann fagnaði samkeppni í lagakennslu, enda kæmi slík samkeppni til með að bæta lagadeild Háskóla Íslands. Benti Runólfur á að hið hefðbundna embættispróf væri í raun deyjandi fyrirbrigði, þar sem í dag væri háskólanám víðast hvar byggt á 3 ára BS eða BA námi og 2 ára mastersnámi í framhaldi af því. Það nám sem boðið væri upp á á Bifröst væri byggt á þessum grunni og styddist bæði við evrópskar og

bandarískar fyrirmyndir. Uppbygging og samsetning hins hefðbundna laganáms hafi hins vegar orðið til þess að lögfræðingar hafi dottið úr stjórnunarstöðum. Hafi hann og sjálfsagt fleiri sem ynnu á vettvangi fjármálatengdrar lögfræði, þurft að nálgast þau fræði með endurmenntun og sjálfsmenntun.

*Það nám sem boðið væri upp á á Bifröst styddist bæði við evrópskar og bandarískar fyrirmyndir.*

Runólfur benti á að í þeirri umræðu sem ætti sér stað um samkeppni í lagakennslu á háskólastigi hefði Viðskiptaháskólinn á Bifröst vissa sérstöðu, þar sem ekki væri verið að útskrifa lögfræðinga heldur væri boðið upp á 3 ára BS nám, þar sem áhersla væri lögð á að mennta stjórnendur fyrir viðskiptalífið með áherslu á viðskiptalögfræði. Með því væri verið að mæta þörfum atvinnulífsins og fylla í eyður sem væru í þekkingu innan fyrirtækja á sviði viðskiptalögfræði og stjórnunar. Boðið væri upp á þau réttarsvið sem lúta almennt að rekstri fyrirtækja, svo sem rafræn viðskipti, samningatækni, reglur innri markaðar ESB, auk lobbýisma og viðskiptasiðfræði, auk náms í grunnþáttum hagfræði, stjórnunar og reikningshalds með áherslu á fjármál og alþjóðaviðskipti. Rekstrargrundvöllur skólans væri tryggður með verktakagreiðslum frá hinu opinbera og skólagjöldum sem nemendum væri gert að greiða, en skólinn gæfi sig úr fyrir að vera lítill góður og dýr háskóli með valinn hóp vel launaðra kennara og fræðimanna.

Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands gerði stuttlega grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á laganámi frá því Lagaskólinn tók til starfa árið 1908. Benti hann á að bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum



***Þórður S. Gunnarsson hrl., Páll Hreinsson prófessor, Runólfur Ágústsson rektor og Ásgeir Thoroddsen hrl., form. LMFÍ sitja fyrir svörum.***

hafi hinn efnislegi kjarni laganámsins lítið breyst, en hins vegar hafi aðlögun að breyttu lagaumhverfi endurspeglast í ýmsum nýjungum í lagakennslu. Páll benti á að samkeppni í lagakennslu væri góð ef hún skilaði betri nemendum út í atvinnulífið. Hins vegar taldi Páll að sú gagnrýni sem lagadeild hafi orðið fyrir væri ómakleg og vísaði m.a. í því sambandi til nýlegrar greinar formanns LMFÍ í Morgunblaðinu, þar sem m.a. kæmi fram að deildin hafi ekki undirbúið laganema nægilega fyrir þarfir atvinnulífsins og að skilningur lögfræðinga þaðan sé takmarkaður á klukkuverki viðskipta, skattamála og bókhalds, sem háði bæði lögmönnum og dómurum í störfum þeirra. Benti Páll á að umtalsverðar breytingar hafi átt sér stað á laganáminu síðustu ár og mætti þannig nefna að í boði væri nám í 53 kjörgreinum á 4. og 5. ári, m.a. í nýjum greinum sem breyttar kröfur atvinnulífsins kölluðu á. Tók hann sem dæmi kauphallarrétt, reglur um rafbréf og önnur viðskiptabréf, verðbréfamarkaðsrétt, fjölmiðlarétt og og upplýsingatæknirétt. Jafnframt stæði laganemum sem áhuga hefðu á viðskiptalögfræði til boða að taka 30 eininga fjármálanám við viðskipta- og hagfræðideild í stað kjörgreina eða greinar í lagadeildum erlendra háskóla á grundvelli stúdentaskipta á vegum Erasmus og Nordplus. Aðrir möguleikar væru nemendum einnig opnir, t.d. að stunda nám tvö misseri við lagadeildir annarra háskóla, auk þess sem meta mætti próf frá öðrum lagadeildum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

*...taldi Páll að sú gagnrýni sem lagadeild hafi orðið fyrir væri ómakleg...*

Páll benti á að auk breytinga á eiginlegu laganámi færðist í vöxt hjá nágrannalöndum okkar að lögfræði væri kennd sem hluti af öðru námi. Þannig lærðu t.d. búfræðingar í Danmörku mikið í stjórnsýslurétti þar sem bændur, sem ekki kunna á styrkjakerfið og þurfa að sækja um allar mögulegar undanþágur, eigi erfitt uppdráttar. Hins vegar væri grundvallarmunur á því að kenna lögfræði sem hluta af öðru námi og því að útskrifa lögfræðinga og ef fleiri en Háskóli Íslands færu að bjóða lögfræðinám þyrfti að svara ýmsum álitamálum. Þannig þyrfti að svara því hvað læra þurfi mikið í lögfræði þannig að réttlætanlegt sé gagnvart almenningi (neytendum) að hlutaðeigandi geti kallað sig lögfræðing, án þess að villa á sér heimildir og því hvaða lágmarks námsefni menn þurfi að að læra og standast próf í, til að geta útskrifast með embættispróf í lögfræði. Ef framangreindum spurningum yrði ekki svarað á skynsamlegan hátt af þar til bærum yfirvöldum, væri hætt við því að niðurstaðan yrði gengis-

felling lögfræðinga og laganáms. Þessi álitaefni komi öllum við enda geta þau snert réttaröryggi manna. Boltinn væri hins vegar hjá menntamálaráðherra sem lögum samkvæmt gefur út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Í umræðum sem fylgdu í kjölfar framsöguerinda kom Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, inn á að ef verið væri að ræða um aukna samkeppni í lagakennslu yrði sú samkeppni að vera á réttum forsendum. Menn yrðu að sitja við sama borð. Fyrir lægi að auk framlags ríkisins með hverjum nemanda, hyggðist Háskólinn í Reykjavík leggja á skólagjöld sem numið gætu um eða yfir kr. 150.000 á hvern nemanda. Lagadeild Háskóla Íslands væri hins vegar óheimilt að leggja á slík skólagjöld, utan kr. 25.000 skráningargjalds. Með þessu og því að Háskólinn í Reykjavík lyti ekki sömu reglum um kjör prófessora og annarra kennara, gæti hann stundað yfirboð á hæfum kennurum. Eiríkur lýsti þeirri skoðun sinni að núverandi lagamenntun væri haldgóð og varpaði að lokum fram þeirri spurningu hvort Íslendingar hefðu í raun efni á tveimur lagadeildum.

*...að Háskólinn í Reykjavík lyti ekki sömu reglum um kjör prófessora og annarra kennara, gæti hann stundað yfirboð á hæfum kennurum.*

Einnig tók til máls Sigríður Logadóttir, hdl. og benti á að viss fötlun hafi verið á kennslugrunni lagadeildar á þeim tíma sem hún var við nám, þar sem verulega hafi skort á kennslu t.d. í viðskiptatengdum greinum. Benti hún á að þeir sem útskrifast hafi úr lagadeild fyrir 10 til 15 árum, væru knúnir til að ná sér í viðbótarmenntun í viðskiptagreinum til þess að geta starfað í viðskiptatengdri lögfræði, til að mynda bönkum og öðrum fjármálastofnunum.

Ljóst er að fundurinn, sem var vel sóttur af lögmönnum og dómurum, auk nokkurs fjölda laganema, er aðeins upphaf þeirrar umræðu sem fara þarf fram um framtíð laganáms hér á landi. Mikilvægt er að vanda til uppbyggingar laganáms, aðlögun þess að síbreytilegu starfsumhverfi lögfræðinga og huga að samkeppnihæfni við aðrar starfsstéttir, sem í vaxandi mæli hafa sótt inn á starfssvið lögfræðinga. Að því verkefni þurfa öll félög lögfræðinga að koma, auk þeirra menntastofnana og fagráðuneyta sem hlut eiga að máli.

# Breytingar á félagatali

Vinsamlega athugið að frá áramótum munu tilkynningar um nýtt heimilisfang , síma og netfang ekki verða tilkynnt sérstaklega í Lögmannablaðinu þar sem félagatalið er uppfært reglulega á heimasíðu félagsins www.lmfi.is
Upplýsingar um nýjan vinnustað og útgefin málflutningsleyfi munu verða tilkynnt sem fyrr.

**Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.**
Halldór Þorsteinn Birgisson, hrl.
Jónas Haraldsson, hrl.

**Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.**
**Ástríður Gísladóttir, hdl.**
Lögmenn Höfðabakka 9
Höfðabakka 9
112 Reykjavík
S: 587-1286
Fax: 587-1247

**Gunnar Svavar Friðriksson, hdl.**
Lögmenn Hafnarfirði
Reykjavíkurvegur 60
222 Hafnarfjörður
S: 565-5155
Fax: 565-4744

**Endurútgefin málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.**
**Eyþór Þorbergsson, hdl.**
Viðskiptaháskólinn á Bifröst
Bifröst
311 Borganes
S: 433-3000
Fax: 433-3001

**Hjördís E. Harðardóttir, hdl.**
Lögmannsstofa Hjördísar E. Harðardóttur hdl.
Skeifunni 11a
108 Reykjavík
S: 568-8658
Fax: 568-9585

**Sturla Friðriksson, hdl.**
Europay Ísland
Ármúla 28-30
108 Reykjavík
S: 550-1500
Fax: 550-1515

**Þórður Ólafur Þórðarson, hdl**
Lagastoð ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
S: 581-1190
Fax: 581-1170

**Nýr vinnustaður:**
Ágústa R. Jónsdóttir, hdl.
Flugmálastjórn Íslands, Flugöryggissvið
Flugturninum, Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík
S: 569-4100
Fax: 569-4100

**Ingunn Ólafsdóttir, hdl.**
Flugmálastjórn Íslands
Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík
S: 569-4100
Fax:569-4175

**Ný lögmannsstofa:**
**Lögvit-lögmannsstofa ehf.**
Stórhöfða 23
110 Reykjavík
S: 580-3450
Fax: 5803451

Árni Harðarson, hdl.
Ólafur Kristinsson, hdl.
Páll Eiríksson, hdl.

*Jóna K. Kristinsdóttir*

# Fréttir frá félagsdeild

Árið líður og félagsdeildin er farin að skipuleggja næsta ár að fullum krafti. Ýmislegt er á döfinni á nýju ári. Eins og flestum er kunnugt mun Háskólinn í Reykjavík í samstarfi við fræðslunefndir LMFÍ, LÍ og DÍ bjóða upp á upp á rekstrarnám fyrir lögfræðinga í byrjun janúar svo og fjölda styttri námskeiða á vorönn 2002. Er það von félagsdeildar að flestir finni námskeið við sitt hæfi. Námsferð til New York er á dagskránni í september 2002 og árshátíðin á sínum stað í mars 2002 auk þess sem ýmislegt annað verður kynnt á næsta ári.

## Námsferð haustið 2002

Í fræðslunefnd félagsins sitja: Helgi Jóhannesson, hrl., formaður, Guðrún Björk Bjarnadóttir, hdl. og Hörður Felix Harðarson, hrl. auk fulltrúa félagsdeildar. Fræðslunefnd félagsins hittist reglulega og á síðasta fundi nefndarinnar í haust var ákveðið að fara í námsferð haustið 2002. Námsferðir hafa verið farnar annað hvert ár en farið var til London í mars 2001. Þar sem Lögfræðingafélagið hefur farið í námsferð sama ár og LMFÍ var ákveðið að fara aftur árið 2002 þannig að ekki sé boðið upp á tvær ferðir sama árið.

Ákveðið hefur verið að fara til New York og heimsækja Sameinuðu þjóðirnar. Drög að dagskrá munu vonandi líta dagsins ljós í vor svo og nákvæmari tímasetning. Ráðgert er að heimsækja lögmannsstofur, dómstóla, háskóla og fleiri áhugaverða staði auk þess sem þátttakendur fá frían tíma í New York.

## Merki LMFÍ til sölu

Í tilefni af 90 ára afmæli Lögmannafélags Íslands hefur félagið látið hanna barmnælu og nafnspjaldahulstur með merki félagsins. Nælan og hulstrið verða til sölu hjá félagsdeild og kosta saman kr. 2.500.- en ef nælan er keypt sér þá kostar hún kr. 1.000.- og hulstrið kr. 2.000.- Hægt er að panta símleiðis og með tölvupósti.



Jóna K. Kristinsdóttir

## Árshátíð árið 2002

Eins og flestum er kunnugt tókst árshátíð félagsins árið 2001 afspyrnuvel og hefur þátttaka aldrei verið meiri. Árshátíðin var knúin áfram af sterkri 10 manna skemmtinefnd og mun hluti af nefndinni halda áfram en nýir koma í stað þeirra sem ekki sjá sér fært að halda áfram. Formaður nefndarinnar síðastliðin þrjú ár hefur verið Ragnar Tómas Árnason, hrl. en hann hefur látið af formennsku og eru honum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Nýr formaður skemmtinefndar er Halldór H. Backman, hdl. og hefur nefndin þegar komið saman til skrafs og ráðagerða. Verður ekkert dregið úr stuðinu þetta árið!

## Jólaball 30. desember 2001

Félagsdeildin, LÍ og DÍ standa sameiginlega að jólaballi þann 30. desember n.k. frá kl. 15:00-17:00. Miðar verða seldir á skrifstofu LMFÍ til 28. desember 2001. Sjá auglýsingu í Lögmannablaðinu.


Barmnælur og nafnspjaldahulstur með merki LMFÍ til sölu

Í tilefni af 90 ára afmæli Lögmannafélags Íslands þann 11. desember hefur félagið látið hanna barmnælu og nafnspjaldahulstur með merki félagsins.

**Nælan og hulstrið eru seld hjá félagsdeild.**

**Verð á nælu: 1000 kr. m.vsk.**

**Verð á nafnspjaldahulstri 2000 kr. m. vsk.**

Næla og hulstur saman á kr. 2.500.-

Takmarkað magn er af nafnspjaldahulstum.

Allar frekari upplýsingar og pantanir hjá

Jónu K. Kristinsdóttur í síma 568 5620 -jonak@lmfi.is

*Davíð Þór Björgvinsson prófessor:*

# Lögmannafélag Íslands 90 ára

## 1. Inngangur

Hinn 11. desember nk. eru 90 ár síðan Málflutningsmannafélag Íslands, síðar Lögmannafélag Íslands, var stofnað. Af því tilefni óskaði stjórn félagsins eftir því að ég tæki saman yfirlit um sögu félagsins. Mun ágrip af sögunni birtast í 4. hefti Tímarits lögfræðinga á þessu ári. Ber að skoða þetta greinarkorn fyrir Lögmannablaðið sem tilraun til að draga saman efni þeirrar greinar í mjög stuttu máli.

## 2. Aðdragandinn að stofnun Málflutningsmannafélags Íslands

Þegar upphaf íslenskrar lögmannastéttar ber á góma vilja sumir hverfa aftur til Alþingis á árinu 1012 til málaferlanna í kjölfar Njálsbrennu: Flosi mun hafa verið talinn eiga sér fáar málsbætur og þurfti atbeina lögfróðra manna. Bjarni segir: „Eyjólfur heitir maður og er Bölverksson. Hann er mestur lögmaður í Vestfirðingafjórðungi og mun þurfa að gefa honum til fé mikið ef honum skal verða komið í málið en þó munum vér ekki að því fara.“ Sem kunnugt er tók Eyjólfur málaleitaninni illa þar til þeir sýndu honum hringinn og „(h)ringurinn var svo góður og mikill og vel ger að hann tók tólf hundruð mórend“. Féllst Eyjólfur að lokum á að veita fulltingi sitt við málareksturinn. Hefur Eyjólfur Bölverksson vegna þessarar frásagnar stundum verið talinn með fyrstu lögmönnum Íslands. Ekki verður hér dæmt um ágæti þeirrar sagnfræði.

Nær sanni er þó líklega að rekja upphaf íslenskrar stéttar lögmanna til 19. aldar og málflutningsmanna þeirra sem settir voru málflutningsmenn við Landsyfirdóminn. Illa gekk í upphafi að koma málflutningi fyrir dóminum í viðunandi horf. Var t.d. algengt að fengnir væri ólöglærðir ungir menntamenn sem bjuggu í Reykjavík til að flytja mál þar. Meðal slíkra var listaskáldið góða Jónas Hallgrímsson. Það var síðan árið 1858 að brugðið var á það ráð að setja sérstaka málflutningsmenn við réttinn sem skyldu hafa einkarétt til málflutnings þar. Fyrstu mennirnir til að gegna þessum störfum voru þeir Hermann Elías Jónsson (Johnsson) (1825- 1894) síðar sýslumaður í Rangárvallasýslu og Jón Guðmundsson (1807 – 1875), þá m.a. ritstjóri Þjóðólfs. Ýmsir menn áttu eftir að gegna þessum störfum sem síðar urðu þjóðþekktir. Meðal þeirra var Einar Benediktsson. Hann



***Málflutningsmennirnir Eggert Claessen, fyrsti formaður félagsins og Sveinn Björnsson, fyrsti ritari þess og síðar formaður, í fyrsta málflutningi fyrir Hæstarétti Íslands 16. febrúar árið 1920.***



***Málflutningur fyrir Hæstarétti Íslands 16. febrúar árið 1920.***

ásamt Oddi Gíslasyni, síðar bankastjóra, teljast fyrstu mennirnir til að reka lögfræðiskrifstofu og hafa lögmannstörf (málflutningsstörf) að aðalstarfi. Hinn 19. október 1894 birtist svofelld auglýsing í Þjóðólfi, Ísafold og fleiri blöðum sem þá voru gefin út:

Einar Benediktsson cand. jur. flytur mál, innheimtir skuldir, gefur lögfræðislegar leiðbeiningar. Heima frá kl. 12 – 2 og 5 – 7. Adr. „Vinaminni".

Um og eftir aldamótin 1900 verða talsverð umskipti í íslensku atvinnulífi með upphafi togaraútgerðar. Hefur stundum verið talað um iðnbyltingu Íslands í þessu sambandi. Auknum umsvifum og nýbreytni í íslensku fjármála- og atvinnulífi fylgdi aukin eftirspurn eftir lögfræðiþekkingu. Tæpast voru þó lögfræðiþjónusta og málflutningsstörf talin mjög lífvænleg starfsgrein á þessum tíma, þótt þeim mönnum fjölgaði sem freistuðu þess að hafa tekjur af slíkum störfum. Sjálfstætt starfandi lögfræðingum þótti að sér þrengt með einkarétti hinn tveggja málflutningsmanna við Landsyfirdóminn og fór að bera á kröfum um afnám hans. Fór svo að með lögum nr. 32/1905 var mælt svo fyrir að hverjum sem leyst hafði af hendi fullkomið lagapróf, sem aðgang veitti að embættum hér á landi sem lögfræðingar skipuðu, gæti ráðherra veitt leyfi til málflutningsstarfa við Landsyfirdóminn. Tók leyfið þó aðeins til einkamála, en enn um sinni höfðu hinir tveir málflutningsmenn einkarétt til flutnings sakamála og gjafsóknarmála. Alls fengu 39 lögfræðingar málflutningsleyfi samkvæmt þessum lögum. Það er úr þessum jarðvegi sem Málflutningsmannafélag Íslands er sprottið, enda stóðu margir þessara manna að stofnun félagsins þann 11. desember 1911.

Það voru öðrum fremur tveir menn sem áttu frumkvæði að stofnun félagsins, þeir Eggert Claessen (1877 – 1950) og Sveinn Björnssonar (1881-1852), síðar ríkisstjóri og fyrsti forseti lýðveldisins. Boðuð þeir til stofnfundar þann 27. nóvember 1911 og framhaldsstofnfundar þann 11. desember næst þar á eftir og er venjulega miðað við þann dag sem afmælisdag félagsins, enda lauk þá stofnfundinum. Fyrsta gerðabók félagsins er glötuð og er því næsta lítið vitað um störf félagsins allt fram til 1925. Þess má þó geta að í tilefni af 25 ára afmæli félagsins á árinu 1936 var gefið út lítið kver eftir Theodór B. Líndal, síðar prófessor, sem ber heitið Máflutningsmannafélag Íslands 25 ára. Hefur þetta rit að geyma yfirlit um söguna til 1936, auk þess sem þar eru teknar upp orðrétt stofnfundagerðirnar. Er þetta kver Theodórs ómissandi heimild um sögu félagsins fyrstu árin. Af stofnfundagerðunum verður m.a. ráðið að stofnfélagar voru 17 og höfðu aðeins fáir þeirra málflutning að aðalstarfi.

Í fyrstu lögum félagsins kemur þetta fram um tilgang félagsstofnunarinnar:

(1. gr.) Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna málflutningsmanna, efla góða samvinnu milli þeirra og stuðla til þess, að þeir fylgi sömu reglum um borgun fyrir störf sín.

(2.gr.) Til þess að geta orðið meðlimur félagsins, verða menn að hafa tekið embættispróf í lögum og fást við málflutningsmannsstörf, þó þau séu eigi aðalstörf.

Af heimildum verður ráðið að það voru einkum tvö mál sem félagið beitti sér fyrir í upphafi. Í fyrsta lagi að samþykkja sameiginlega lágmarksgjaldskrá. Var það raunar fyrsta verkefni félagsins eftir stofnun þess. Í öðru lagi að vinna að því að settar yrðu skorður við því, að lögfræðikandidatar beint frá prófborðinu gætu orðið „yfirréttarmálflutningsmenn". Var það sjónarmið félagsins að heppilegt væri að menn hefðu fengið nokkra verklega æfingu áður en þeir fengju slíkt leyfi. Á árinu 1913 fékk félagið því framgengt, að borið yrði fram frumvarp á Alþingi sem gerði ráð fyrir þessu og varða það síðar að lögum nr. 17/1913. Af fyrstu lögunum og fyrstu verkefnum félagsins verður ráðið að tilgangur þess var fyrst og fremst að gæta hagsmuna málflutningsmanna í víðasta skilningi, en síður að starfa að almennum faglegum málefnum lögfræðinga.

Fleira mun þó hafa búið undir en hrein hagsmunabarátta. Þannig mun samvinna málflutningsmanna hafa verið mjög í molum áður en félagið var stofnað. Theodór B. Líndal segir í riti sínu frá 1936:

> Þeir sem muna þá daga, er félagið hóf göngu sína, hafa skýrt svo frá, að sá hafi verið háttur málflutningsmanna að torvelda hver öðrum störfin sem mest. Lítilfjörlegir formgallar, t.d. ef innsigli stefnuvotta vantaði undir birtingarvottorð, voru notaðir til þess, að málum yrði vísað frá dómi. Mótmæli gegn umboði þóttu sjálfsögð og ekki þótti ástæða til að mæta í nokkrum rétti án stefnu og fyllsta stefnufrests. Ef til vill er þetta eitthvað orðum aukið, en það mun ekki vera mikið. Sama er að segja um orðbragðið í sóknar- og varnarskjölum. Mikill hluti þeirra voru persónulegar meiðingar, háð og hótfyndni. Er sagt að venja þessi í öllu orðbragði væri orðin svo rík, að almenningur hafi varla talið mál sómasamlega flutt, nema málflutningsmennirnir væru sektaðir fyrir meiðyrði og ósektaður málflutningsmaður átti fárra skjólstæðinga völ.

Þetta mun mjög hafa breyst til hins betra eftir stofnun félagsins. Er ljóst að í hugum margra hlaut félagið jafnframt að gegna því hlutverki að auka félagslega samheldni og stéttarvitund málflutningsmanna og virðingu þeirra gagnvart hvorum öðrum, auk þess að efla samvinnu þeirra um lögfræðileg og fagleg málefni í víðari skilningi.






***Úr gamalli gjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands.***

### 3. Starfsemi félagsins

Þess er vitaskuld enginn kostur að fjalla að ráði um starfsemi félagsins í 90 ár í svo stuttri grein. Hlýtur slík greinargerð eðli málsins samkvæmt að verða mjög almenn.

Fyrstu áratugina starfaði félagið mjög í anda þeirra markmiða sem stofnendur þess settu sér. Verður af heimildum ráðið að mestur tími félagsstarfsins fór í að vinna að sérstökum hagsmunamálum málflutningsmanna í víðum skilningi, en auk þess sem snemma fer að bera á tilhneigingu til að líta á félagið sem vettvang til að fjalla um ágreining milli félagsmanna og kvartanir viðskiptavina vegna framferðis einstakra málflutningsmanna, þótt lagalegur grundvöllur þeirrar starfsemi hafi ekki verið jafn skýr og síðar átti eftir að verða. Merk tímamót verða á árinu 1936 með gildistöku laga um meðferð einkamála í héraði, en þá var félagsins fyrst getið í lögum. Þar kom fram í 63. gr. að stjórnendur félagsskapar löggiltra máflutningsmanna gætu áminnt einstaka félagsmenn og gert þeim að greiða sektir fyrir framferði sitt í starfi er telja mætti stéttinni ósamboðið. Var þetta í fyrsta skipti sem félaginu voru falin opinber stjórnsýslustörf.

Ein mikilvægustu tímamótin í sögu félagsins verða með gildistöku laga um málflytjendur nr. 61/1942. Með þeim lögum voru í fyrsta skipti sett heildarlög um málflytjendur á Íslandi. Ástæða er til að geta um tvennt í lögum þessum sem sögulega þýðingu hefur. Í fyrsta lagi er vert að nefna sérstaklega 7. gr. laganna þar sem mælt var svo fyrir, að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skyldu hafa með sér félag. Samkvæmt þessu var nú mælt fyrir um skylduaðild allra þeirra sem fengið höfðu málflutningsleyfi að lögmannafélaginu, en nafni félagsins var um þetta leyti breytt í Lögmannafélag Íslands. Þá var í ákvæðinu gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra staðfesti samþykktir félagsins. Í öðru lagi ber að nefna opinber hlutverk félagsins samkvæmt 8. gr. Þannig skyldi stjórnin samkvæmt 1. mgr. 8. gr. hafa úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það var borinn undir hana. Þá hafði stjórnin samkvæmt 3. mgr. 8. gr. úrskurðarvald um það hvort lögmenn hafi við framkvæmd lögmannsstarfa sýnt af þér framferði er telja megi stéttinni ósamboðið. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. voru úrskurðir stjórnarinnar í þessum málaflokkum kæranlegir til Hæstaréttar. Þetta jafngilti því að stjórn félagsins var í raun sérdómstóll á fyrsta dómstigi í þessum málaflokkum. Gat stjórnin ennfremur veitt einstökum félagsmönnum áminningu eða beitt sektargerðum eða gert tillögu um sviptingu lögmannsréttinda, sbr. t.d. 11. gr. Með nokkrum rétti má segja að félagið hafi þar með orðið hluti af stjórnkerfi ríkisins og að nokkru háð ríkisvaldinu um skipulag sitt og starfsemi.

Þess hefði mátt vænt að laga-

setning sem átti eftir að reynast jafn mikilvæg og þessi stafaði af frumkvæði ríkisstjórnar og ráðherra. Svo var þó ekki, heldur virðist frumvarpið hafa komið fram fyrst og fremst fyrir frumkvæði eins þingmanns, Bergs Jónssonar (1898 – 1953), en hann var þingmaður Framsóknarflokksins fyrir Barðastrandarsýslu 1931 – 1942. Bergur var skipaður sakadómari í Reykjavík frá 1945, en rak lögfræðiskrifstofu í Hafnarfirði frá 1947 þar til hann lést á árinu 1953.

Eftir gildistöku laganna frá 1942 má segja að ræksla þeirra starfa sem löggjafinn lagði félaginu á herðar með framangreindum lagaákvæðum hafi jafnan verið einn mest áberandi þátturinn í reglulegu starfi þess. Er óhætt að segja að þetta hafi öðru fremur einkennt innra starf félagsins allar götur síðan og hafa erindi sem að þessu lúta jafnan verið fyrirferðamest á fundum stjórna allt þar til gildandi lög nr. 77/1998 tóku gildi og verkefni þessi voru falin sérstakri nefnd innan félagsins. Þórunn Guðmundsdóttir, þáverandi formaður, ritar í Lögmannablaðið á árinu 1997: „Oft hefur maður óskað þess að stjórn félagsins hefði meiri tíma til þess að sinna eiginlegum félagsmálum en nú er. Eins og málum er komið nú og eins og allir þeir lögmenn þekkja, sem setið hafa í stjórn félagsins, þá fer stærstur hluti af tíma stjórnarinnar í að fjalla um svokölluð kæru- og umkvörtunarmál." Má segja að þessi orð séu lýsandi um þann þátt í starfsemi félagsins sem var mest áberandi í marga áratugi.

Þótt opinber störf félagsins hafi vissulega verið mest áberandi í starfsemi þess lét félagið sig ýmislegt annað varða. Þannig fjallað félagið talsvert um löggjafarmálefni, einkum á þeim sviðum sem snertu beint og óbeint störf lögmanna, svo sem löggjöf um lögmenn og réttarfarslöggjöfina. Þá lét það til sín taka beinni hagsmunamál lögmanna, svo sem gjaldskrá, stofnun styrktarsjóðs og síðar ábyrgðarsjóðs og lífeyrissjóðs. Ennfremur verður að nefna setning siðareglan á árinu 1960. Snemma fór einnig að bera á áhuga einstakra félagsmanna á að félagið léti til sín taka ýmis almennari fagleg málefni lögfræðinga. Verður þetta nokkuð áberandi um og eftir 1930, en á þeim tíma voru fyrirlestrar um lögfræðileg málefni tíðir. Þessi faglegi þáttur starfseminnar dettur aftur niður í kringum 1935 og verður ekki að ráði áberandi fyrr en á síðari hluta áttunda áratugarins og enn frekar á þeim níunda. Meðal annarra faglegra málefni sem félagið lét til sín taka var útgáfa Tímarits lögfræðinga sem hófst á árinu 1951. Árið 1961 tók Lögfræðingafélag Íslands við útgáfu þess, en það félag hafði verið stofnað 1958. Er ekki á neinn hallað þótt því sé haldið fram að frumkvæðið að útgáfu tímaritsins og útgáfa þess á fyrstu árunum sé frá sögulegu sjónarmiði eitt mikilvægasta framlag lögmannafélagsins til lögfræðilegrar menningarstarfsemi á Íslandi.

Þótt félagið hafi þannig sinnt ýmsum málum verður varla komist hjá þeim dómi sögunnar að starf-



***Síðasti málflutningur Sigurðar Ólasonar, hrl. fyrir Hæstarétti Íslands árið 1985. Aðrir lögmenn á myndinni eru: Gunnlaugur Claessen nú hæstaréttardómari og Jóhann H. Níelsson, hrl.***



***Frá síðasta yfirfærsludegi Hæstaréttar 1. júní 1994.***


ÁRSHÓF L.M.F.Í.
№

Lögmannafélag Íslands
býður yður til ölteitis að Hótel Loftleiðum,
Kristalsal laugardaginn 30. marz 1974. kl. 19.
Borðhald — skemmtiatriði — dans.
Gildir fyrir:

***Boðsmiði á árshátíð LMFÍ árið 1974.***

semi félagsins hafi verið fremur einhæf fyrstu áratugina eftir gildistöku laganna frá 1942 og meðferð kæru- og ágreiningmála annars vegar og bein hagsmunamál lögmanna hins vegar hafi skyggt á annað starf. Mun það m.a. hafa verið hugsun margra félagsmanna og stjórnenda lögmannafélagsins að stofnun Lögfræðingafélags Íslands gæfi lögmönnum frekar færi á að efla sérstakt félag þeirra sem eins konar stéttarfélag lögmanna.

Á síðari hluta áttunda áratugarins og upphaf þess níunda fer aftur bera á því að félagið lætur sig í auknum mæli varða almennari fagleg málefni lögfræðinga, með því að standa að málþingum, námskeiðum fyrir lögmenn og fræðafundum af ýmsum toga. Er þetta núorðið ríkur þáttur í starfsemi félagsins. Grundvöllur að starfseminni fer að verða fjölþættari en áður var.

Tíundi áratugurinn markar einnig að ýmsu leyti mikilvæg tímamót í sögu Lögmannafélag Íslands. Fyrir lögmannastéttina sjálfa felast þau m.a. í breyttu og að ýmsu leyti flóknara rekstrarumhverfi. Þetta kemur fram í aukinni reglusetningu um störf lögmanna, svo sem í reglum um fjárvörslusjóði og um starfsábyrgðartryggingar. Þá urðu tvennskonar breytingar á faglegu umhverfi sem sett hafa mark sitt á störf lögmanna. Skipta þar mestu umfangsmiklar réttarfarsbreytingar á árinu 1992 og einnig að nokkru aðild Íslands að EES-samningnum. Að því er lögmannafélagið varðar eru stærstu tímamótin þau að með lögum nr. 24/1995 var dómsvald í reynd tekið af félaginu í því formi sem það var áður. Er það nú, eftir gildistöku lögmannalaganna frá 1998, í höndum sérstakrar úrskurðarnefndar félagsins, en ekki hafa úrskurðir hennar sömu stöðu að lögum og áður. Þá var skylduaðild að félaginu afnumin að hluta til og nær nú samkvæmt lögunum aðeins til þess þáttar starfseminnar sem lítur að opinberu hlutverki félagsins. Af þessu leiddu róttækar breytingar á



***Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. og Guðmundur Pétursson, hrl. Fyrstir málflytjenda í nýju dómhúsi Hæstaréttar árið 1996.***



# Símaskrá lögmanna



***Símaskrá LMFÍ frá árinu 1963***

skipulagi félagsins og stofnuð var sérstök félagsdeild. Þykir ekki ástæða til að rekja þetta nánar svo vel sem þetta allt ætti að vera núverandi félagsmönnum kunnugt. Þá hefur hið breytta faglega umhverfi kallað á að félagið beiti sér í auknum mæli að endurmenntun lögfræðinga og hefur hið faglega starf eflst mjög við það. Þá hefur alþjóðavæðing lögfræðinnar sett sinn svip á félagið og kallað á stóraukna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Sumt af því á sér þó nokkuð langa sögu, svo sem regluleg þátttaka á sameiginlegum fundum norrænna lögmannafélaga allt frá sjötta áratugnum. Enn má nefna að umræður um nýja löggjöf um lögmenn og breytingar á félagsstarfinu í tengslum við það, sem og aukinn atbeini félagsins í endurmenntun lögfræðinga, settu mjög mikinn svip á allan tíunda áratuginn. Þá verða á þessum tíma nokkuð áberandi umræður um hlutverk félagsins í almennri þjóðfélagsumræðu, einkum á sviði mannréttinda. Með þessu urðu viss tímamót þar sem umræður af því tagi innan félagsins áttu sér tæpast fordæmi í sögu þess. Þeir sem rita sögu félagsins í framtíðinni munu líklega horfa til tíunda áratugarins sem einna merkustu tímamóta í sögu þess.

## 4. Niðurlag

Stofnfélagar Lögmannafélags Íslands voru 17. Meðal þeirra voru menn sem ekki höfðu lögmannsstörf að aðalstarfi. Þegar þetta er ritað eru 601 lögmaður í félaginu og af þeim eru einnig í félagsdeild 373. Ennfremur er lögmönnum nú skylt að vera í félaginu, a.m.k. að hluta til, sem ekki var fyrstu 30 árin í starfsemi þess. Grundvöllur félagsstarfsins er þar með að sjálfsögðu allur annar en var í upphafi. Fyrir vikið er félagið vissulega margfalt öflugra en það var á fyrstu árum þess og betur fært um að takast á við fjölþættari og stærri verkefni. Hefur sú líka orðið raunin síðustu áratugina. Félagið hefur í stuttu máli þróast úr því að vera fámennur frjáls félagsskapur örfárra manna í eins konar stofnun sem fer með eftirlits- og agavald yfir lögmönnum, um leið og það er öflugur málsvari hagsmuna stéttarinnar og mikilvægt afl í faglegum málefnum hennar.

Á stórafmælum er venja að horfa yfir farinn veg og huga að framhaldi. Mitt hlutverk á afmælisárinu hefur eingöngu verið það að horfa yfir farinn veg og leitast við að skilgreina félagið frá sögulegu sjónarmiði. Afrakstur þess er fyrst og fremst að finna í söguágripi því sem birtist í Tímariti lögfræðinga en síður í þessari stuttu grein. Ég vil nota þetta tækifæri til að færa félagsmönnum og stjórn félagsins árnaðaróskir á þessum tímamótum. Það er þeirra hlutverk að ávaxta þann arf sem þeir hafa þegið frá fumkvöðlunum og stjórnum félagsins á liðnum áratugum og treysta og efla þann sess sem öflug og sjálfstæð lögmannastétt á að hafa í lýðræðis- og réttarríki.

# Myndir frá starfi félagsins



*Aftasta röð - háborð frá vinstri: Dagmar Lúðvíksdóttir, Sveinn Björnsson í ræðustól, Þórður Eyjólfsson, Georg Björnsson, Gizur Bergsteinsson, Hermann Jónasson, Gísli Sveinsson og Óþ. Fyrir framan Svein má þekkja Björn Þórðarson og Ólaf Lárusson.*

*Myndin mun vera frá norrænu þingi á sjöunda áratuginum. Þar má greina frá vinstri fyrir miðju: Jón Sigurðsson, Bendikt Sigurjónsson, Regínu Hansen (konu Sigurgeirs Sigurjónssonar) og Jóhannes Lárusson*





*Fremsta röð frá vinstri: Lárus Fjeldsted, Magnús Thorlacius, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson, Einar Arnórsson, Hákon Guðmundsson, Eggert Claessen. Önnur röð frá vinstri: Ólafur Þorgrímsson, Óþ., Óþ., Lárus Jóhannesson, Ragnar Ólafsson, Óþ., Gunnar Þorsteinsson, Guðmundur I. Guðmundsson, Sigurður Ólason, Guttormur Erlendsson, Theodór B. Líndal, Egill Sigurgeirsson, Óþ., Óþ., Gunnar Möller?, Sigurgeir Sigurjónsson, Hermann Jónasson, Óþ., og Einar Ásmundsson.*



***Frá forsætisfundi norrænu lögmannafélaganna, sem haldinn var á Íslandi árið 1975.***

***Stjórn LMFÍ 1975-1976. Frá vinstri: Jón Finnsson, meðstjórnandi, Ragnar Aðalsteinsson, varaformaður, Páll S. Pálsson, formaður, Brynjólfur Kjartansson, ritari og Guðjón Steingrímsson, gjaldkeri.***






***Frá árshátíð LMFÍ 1978.***



*Stjórn LMFÍ 1978-1979. Frá vinstri: Jón E. Ragnarsson, meðstjórnandi, Hákon Árnason, varaformaður, Guðjón Steingrímsson, formaður, Stefán Pálsson, ritari og Skaphéðinn Þórisson, gjaldkeri.*

*Frá afmælishófi LMFÍ 11. desember 1981. Pétur Einarsson og Lára V. Júlíusdóttir.*





*Frá afmælishófi LMFÍ 11. desember 1981. Frá vinstri: Guðjón Ármann Jónsson, Sigurmar K. Albertsson og Ólafur Sigurgeirsson.*



*Frá 75 ára afmæli félagsins 1986. Sveinn Snorrason, formaður LMFÍ afhendir Agli Sigurgeirssyni og Ágústi Fjeldsted heiðursskjal í tilefni af því að tveir hinir síðastnefndu voru gerðir að heiðursfélögum LMFÍ.*

*Viðar Már Matthíasson, nú prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður bókasafnsnefndar flytur ávarp við opnun bókasafns LMFÍ, 11. desember 1991.*





*Frambjóðendur til formannskjörs 1994. Ragnar Aðalsteinsson og Eiríkur Tómasson.*

*Frá meistaramóti LMFÍ í innanhússknattspyrnu. Margfaldur meistara-mótsmeistari í knatt-spyrnu, Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl. ásamt Jóni Magnússyni, hrl.*






*Frá fundi stjórnar LMFÍ starfsárið 1994-1995. Frá vinstri: Ásgeir Magnússon, gjaldkeri, Guðni Á. Haraldsson, ritari, Ragnar Aðalsteinsson, formaður, Ingólfur Hjartarson, varaformaður og Lárus L. Blöndal, meðstjórandi.*

*Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. og Guðmundur Pétursson, hrl. Fyrstir málflytjenda í nýju dómhúsi Hæstarétt-ar árið 1996.*

*Stjórn LMFÍ 1996-1997. Frá vinstri: Marteinn Másson, framkvæmda-stjóri, Kristín Briem, gjaldkeri, Hreinn Loftsson, meðstjórnandi,*





*Frá árshátíð LMFÍ 1998. Sigurður H. Guðjónsson, hrl. veislustjóri, ásamt hinum hund-trygga „Bonus Pater“*

# Efni úr 1. tbl. 1. árg. 1963 Blaðs lögmanna

## Myndsjáin

Að þessu sinni birtum við myndir úr bókinni Juridisk Billedebok, sem útgefin var af Juristforeningen, Oslo 1934.

Þannig túlka, höfundarnir, P. L. Eidem og A. Wiesener þessi kunnu og þekktu hugtök.



*Heimildarskortur*



*Brostnar forsendur*



*Lausafjármunir*



1. ÁRG. — 1. TBL.
FEBRÚAR — 1963

# BLAÐ LÖGMANNA

Ritnefnd: Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Sigurjónsson, Þorvaldur Ari Arason

ÚTGEFANDI:
LÖGMANNAFÉLAG
ÍSLANDS
REYKJAVÍK


**BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS**

AUSTURSTRÆTI 5 - REYKJAVÍK - SÍMI 18200
AUSTURBÆJARÚTIBÚ, Laugavegi 114
MIÐBÆJARÚTIBÚ, Laugavegi 3
VESTURBÆJARÚTIBÚ, Vesturgötu 52
ÚTIBÚ Á Akureyri, Blönduósi og Egilsstöðum

**LANDSBANKI ÍSLANDS**
REYKJAVÍK

ÚTIBÚ Í REYKJAVÍK:
Austurbæjarútibú, Laugavegi 77 - Langholtsútibú, Langholtsvegi 43
Vegamótaútibú, Laugavegi 15 - Vesturbæjarútibú, Háskólabíói v/Hagatorg
ÚTIBÚ ÚTI Á LANDI:
Ísafirði - Akureyri - Húsavík - Eskifirði - Selfossi
ANNAST ALLA VENJULEGA BANKASTARFSEMI INNANLANDS OG UTAN

**NÝ HEIMILISTRYGGING**
SAMVINNUTRYGGINGAR

**Útvegsbanki Íslands - Reykjavík**

ÚTIBÚ Á LAUGAVEGI 105
ásamt útibúum á Akureyri, Siglufirði, Ísafirði Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

ANNAST ÖLL venjuleg bankaviðskipti innanlands og utan, svo sem innheimtur, kaup og sölu erlends gjaldeyris.

TEKUR Á MÓTI FÉ til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, með eða án uppsagnarfrests.
*Ábyrgð ríkissjóðs er á öllu sparifé í bankanum og útibúum hans.*



*XXIII. þing norrænna lögfræðinga 1963*

verður í Kaupmannahöfn dagana 22.—24. ágúst 1963. Danska deildarstjórnin hefir boðið íslenzkum lögfræðingum til þingsins, en ekki veit Blað lögmanna um þátttöku héðan. Meðal frummælenda á þinginu verða, háskólarektor Ármann Snævarr og Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari. Formaður íslenzku deildarinnar er Árni Tryggvason hæstaréttardómari.

---



### ÖFUGUR REKI

Undir flutningi málsins um strandjárnið á Dynskógafjöru hélt lögmaður landeiganda því fram, að eignarréttur hans á járninu væri skv. „Rekalögum". Því mótmælti lögmaður vátryggjanda járnsins. Hann kvað hér um *öfugan reka* vera að ræða, þar sem ströndin hefði rekið út að járninu en járnið verið kyrrt. „Rekalög" ættu því ekki við.

—o—

### II. VEÐRÉTTUR

Í skilnaðarmáli lagði eiginmaðurinn fram skjal útgefið fyrir giftingu af konu sinni.

Í skjalinu veðsetti konan sig eiginmanninum með I. veðrétti, ásamt gögnum og gæðum, til ævilangrar sambúðar og notkunar.

Dómarinn varð hljóður um stund, en spurði svo bónda:

„Er annar veðréttur laus?"

„Nei, það er nú það", kvað bóndi, „*hann er þinglýst-veðsettur líka*".

# Lögmannahús
# Lögmannabókasafn

Lengi hefir það verið draumur margra lögmanna, að Lögmannafélagið eignaðist eigið húsnæði fyrir starfsemi sína, með fundarsölum og bókasafni. Í því sambandi hefir verið nefnt, að í því húsi yrðu lögmannaskrifstofur þeirra lögmanna, sem vildu byggja fyrir eigin reikning, þó innan þeirra takmarka, sem stærð og teikningar hússins leyfðu. Í því húsi yrðu þjóf- og eldtraustar skjalageymslur. Þar væri sameiginleg símaþjónusta, þótt hver einstakur lögmaður hefði sinn einkasíma. Þar væri völ á sameiginlegri vél- og fjölritun svo og ljósmyndun. Jafnvel kæmi til greina að hafa sameiginlegan gjaldkera, þótt sérhver lögmaður hefði sér bókhald.

Yrði slíkt hús sannkallað *Lögmannahús.*

Ef af framkvæmdum yrði, þyrfti þar mikinn undirbúning og vanda yrði staðarval hússins.

Þessari gömlu hugmynd er hér fleygt fram lögmönnum til umhugsunar.

Hins vegar má segja, að fullkomin ástæða og þörf sé fyrir hendi, að Lögmannafélagið komi sér upp fræði- og handbókasafni fyrir lögmenn. Einstakir lögmenn hafa verið að koma sér upp einkabókasöfnum og margir eiga mjög góð söfn, en jafnan er það svo að eitthvað vantar í þau söfn. Oft stafar það af því, að blátt áfram vantar lögmennina húsrými fyrir margra áratuga ritverk eins og Alþingistíðindi o. fl. Þá hefir mörgum lögmanninum gengið erfiðlega að afla sér erlendra lögfræðirita, sem mörg hver krefjast mikils húsrýmis. Þau bókasöfn eins og Háskólabókasafnið, sem lögmenn hafa helzt leitað til, eru alsendis ófullnægjandi og starfsskilyrði slæm.

Blað lögmanna beinir því til lögmanna að hugsa þessi mál, og sérstaklega hvort ekki sé tímabært fyrir Lögmannafélagið, að hefjast handa um stofnun *Lögmannabókasafns* með góðum starfsskilyrðum fyrir lögmenn, hvort sem væri til úrlausnar í einstökum málum eða til vísindalegra rannsókna.

Spurningin er: Yrði ekki lögmannabókasafn hvatning og aflgjafi lögmanna til vísindastarfa, auk áður talinna þæginda?

*Þ. Ari*



# úr töskunni í...

GLEFSUR ÚR „NOKKRAR SKÝRSLUR OG DÓMAR". GEFIÐ ÚT AÐ TILHLUTAN RÍKISSTJÓRNARINNAR 1931

*Formáli ritaður af dómsmálaráðherra Jónasi Jónssyni:*

„Brunamálið á Stokkseyri er meðal hinna einkennilegustu mála á seinni árum. Dómur undirréttar var skýr og ákveðinn og mjög í samræmi við það, sem allur almenningur austanfjalls taldi rétt vera. Eftir að hæstaréttardómur var fallinn í málinu, sagði sýslumaður Árnesinga af sér embætti, án þess að tilgreina ástæður. En þá sendi mikill meiri hluti borgara í Árnessýslu eindregna áskorun til sýslumanns að halda áfram starfi sínu. Hvort þar hefir ráðið nokkru um þakklæti héraðsbúa við röggsamt yfirvald, skal hér látið ósagt."

*Úr dómi Hæstaréttar í sama máli í sömu bók, bls. 197*

„Út af kæru, er ákærði hafði látið leggja fram í hæstarétti, yfir því, að hann hefði sætt illri meðferð í varðhaldinu á Stokkseyri og við rannsóknina þar, er það upplýst með framhaldsrannsókninni, að hætt var um tíma að bera ákærða mat í gæzluvarðhaldið, en honum sagt, að hann gæti fengið mat þegar hann óskaði þess. Ennfremur er það upplýst, að skrifarinn við réttarhöldin þar hefir, er réttarhlé varð, klipið ákærða í eyrun. Og loks er það upplýst, að dómarinn, ...... ............ sýslumaður, hafi, er ákærði í réttarhaldi 18. jan. 1927 svaraði engum spurningum, er dómarinn bar upp fyrir hann, látið sækja salmiakspiritus, og hafi réttarskrifarinn haldið spiritusnum með annari hendi að nefi ákærða, en hinni hendinni um háls honum. Og er þetta þótti ekki bera tilætlaðan árangur, með því

# VÍSIR

54. árg. — Föstudagur 15. febrúar 1963. — 38. tbl.

## Lögreglan varar við svikahrappi:

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík telur ástæðu til að vara almenning við vafasömum manni, sem mjög hefur stundað þá atvinnugrein að svíkja fé út úr fólki með því að taka fyrirframgreiðslur fyrir varning sem hann býður til kaups, en er ekki fyrir hendi.

Maður þessi, sem heitir Sigurður Arnbjörnsson, villir yfirleitt á sér heimildir með því að segja rangt til um nafn og atvinnu, kveðst oft vera formaður eða flugstjóri eða eitthvað þessháttar og eiga ýmis konar smyglvarning sem hann vilji losa sig við fyrir hagkvæmt verð. Gengur hann í ýmis hús þessara erinda og hefur stundum orðið vel ágengt, þar sem hann tekur fyrirframgreiðslur, stórar eða smáar eftir atvikum.

Framh. á bls. 5.

### Lögreglan —

Framhald af bls. 1.

Þannig varð Sigurður sannur að því að hafa í desembermánuði s.l. svikið út á þennan hátt verðmæti nær 9 þús. kr.

Hefur Sigurður setið í gæzluvarðhaldi fyrir svik sín frá því um miðjan des. s.l. og þar til nú í vikunni að hann var látinn laus við dómsuppkvaðningu, þar sem hann var dæmdur í 20 mánaða fangelsi. En nú hafa lögreglunni borizt kærur um að Sigurður sé tekinn til við fyrri iðju sína, sé farinn að ganga í hús undir fölsku nafni og reyna að svíkja út úr fólki fé, fyrir varning, sem hann telur sig vilja selja. Lögreglunni þykir því full ástæða til að vara almenning við manni þessum og láta hann ekki hlunnfara sig.



að salmiakspiritusinn var gamall og daufur, stakk dómarinn ákærða með títuprjóni í lærið, en stillti þó svo til, að aðeins blæddi þegar hann snerti lærið. Við þetta hrökk ákærði við, en hefir ekkert mein af því haft.

Nefndum rannsóknardómara hefir eigi verið stefnt til ábyrgðar út af þessu, en þessi verknaður hans er mjög vítaverður. Einnig er það vítavert, að sami dómari synjaði ákærða um leyfi til að ná prestsfundi, meðan hann var í gæzluvarðhaldinu."

## NÚDDSTOFA

Athygli skal vakin á því, að hin nýuppsettu „*Nuddstofu*"skilti á húsinu Laugavegi 13, eiga ekki við um „*Bæjarþingstofu*" Reykjavíkur.

16 BLAÐ LÖGMANNA

# Þýðingar og textaráðgjöf

**óskar Lögmannafélagi Íslands til hamingju með 90 ára afmælið.**

**Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, Norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (níu þýðendur og túlkar).**

**Dóm- og skýrslutökutúlkun.**

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.

Skrifstofa: Laugavegur 163a, 105 Reykjavík,

símí: 562-6588 - bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717 – netfang: ellening@símnet.is

## *Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með afmælið*

**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS**

### LAG
Lögfræðistofa
Atla Gíslasonar HRL. SF.
Fulltrúar: Karl Ó. Karlsson, hdl.
Hulda Rós Rúriksdóttir, hdl.
Ingólfsstræti 5, 4. hæð, 101 Reykjavík
Sími: 562-2024
Myndsendir: 562-0610
Netfang: lag@lag.is

### Málflutningsskrifstofan
Guðjón Ægir Sigurjónsson, hdl.
Óskar Sigurðsson, hdl.

Austurvegi 6, 800 Selfossi
Sími : 482-2299 - Myndsendir: 482-2229

### Lögmannsstofan ehf.
Gunnar Sólnes, hrl.
Jón Kr. Sólnes, hrl.
Árni Pálsson, hrl.

Strandgötu 29, 600 Akureyri
Sími : 421-1200 - Myndsendir: 462-7746

### Lögfræðiskrifstofa
Gunnar Sæmundsson, hrl.

Laugavegi 18, 101 Reykjavík

Sími : 551-4380 Myndsendir: 552-1485

### Lára V. Júlíusdóttir, hrl. ehf.
Lára V. Júlíusdóttir, hrl.
Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

Sími : 588-5818 Myndsendir: 533-2060

### LÖGFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA HF.
Ásbjörn Jónsson, hdl.
Lárentsínus Kristjánsson, hdl.
Vilhjálmur Þórhallsson, hrl.

Hafnargötu 29, PH 175, 230 Keflavík
Sími : 420-4004 - Myndsendir: 420-4009

### Lögmenn Skólavörðustíg 6b sf.
Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.
Karl Axelsson, hrl.
Heimir Örn Herbertsson, hdl., fulltrúi
Reimar Pétursson, hdl., fulltrúi

Skólavörðustíg 6b, Pósthólf 47, 121 Reykjavík
Sími : 561-1020 - Myndsendir: 561-1027
www.mmedia.is/logmenn

ST Sigurjónsson &Thor ehf.

Valborg Kjartansdóttir, hdl.
Magnús H. Magnússon, hrl.

Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Sími: 551-1043 - Myndsendir: 562- 2633




# Persónuleg þjónusta

Sérbankaþjónusta Búnaðarbankans Verðbréfa er allt það besta sem við höfum að bjóða. Þjónustan er sérhæfð fjármálaþjónusta ætluð umsvifamiklum einstaklingum. Áhersla er lögð á persónulega þjónustu þar sem hver ráðgjafi sinnir fámennum hópi viðskiptavina. Bein símanúmer og netfang tryggja greiðan aðgang að ráðgjafanum hvenær sem þörf er á. Persónulegt samband milli fjármálaráðgjafa og viðskiptavina sem byggir á trúnaði og trausti er grundvöllur að árangursríku samstarfi. Í Sérbankaþjónustu felst Fjárvarsla og Eignastýring verðbréfasafna með aðgangi að persónulegum ráðgjöfum á sviði fjármála, skattamála, lífeyris- og tryggingamála ásamt umtalsverðum sérkjörum og fríðindum.

BÚNAÐARBANKINN
VERÐBRÉF
SÉRBANKAÞJÓNUSTA

Hafnarstræti 5 • sími 525 6060 • fax 525 6099 • www.bi.is • verdbref@bi.is

fíton/sía F1001447

# *Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með afmælið*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
síðan 1907

**Eigendur:**
Árni Vilhjálmsson, hrl.
Einar Baldvin Axelsson, hrl.
Erlendur Gíslason, hrl.
Gunnar Sturluson, hrl.
Hákon Árnason, hrl.
Jakob R. Möller, hrl.
Jóhannes Sigurðsson, hrl.
Othar Örn Petersen, hrl.
Pétur Guðmundarson, hrl.
Ragnar Tómas Árnason, hdl.

**Fulltrúar:**
Birgir Birgisson, lögfr.
Guðmundur J. Oddsson, hdl.
Guðrún Birgisdóttir, hdl.
Guðrún Björk Bjarnadóttir, hdl.
Helga Melkorka Óttarsdóttir, hdl.
Hjördís Halldórsdóttir, hdl.
Hlynur Jónsson, hdl.
Hólmfríður Kristjánsdóttir, hdl.
Kristín Crosbie, fulltrúi
Ólafur Jóhannes Einarsson, hdl.
Svanhvít Axelsdóttir, hdl.

## Lagaþing sf.

Þorbjörg I. Jónsdóttir, hdl.

Túngötu 14, 101 Reykjavík
Sími : 511-5101 - Myndsendir: 511-5102

LEX

Bjarni Benediktsson, hdl.
Erla S. Árnadóttir, hrl.
Halldór Jónsson, hdl.
Hanna Lára Helgadóttir, hrl.
Helgi Jóhannesson, hrl.
Helgi V. Jónsson, hrl.
Jónas A. Aðalsteinsson, hrl.
Lilja Jónasdóttir, hrl.
Ólafur Haraldsson, hdl.
Sigurður Kári Kristjánsson, hdl.
Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.

**Fulltrúar:**
Hallmundur Albertsson, hdl.
Ragnheiður M. Ólafsdóttir, hdl
Rúnar Örn Olsen, lögfr.

Sundagörðum 2, 104 Reykjavík
Sími: 590-2600 - Bréfsími: 590 2606
www.lex.is

## Lögfræðistofa Vesturlands

Jón Haukur Hauksson, hdl.
Kirkjubraut 40, 300 Akranesi.

Sími : 431-4266 - Myndsendir: 431-4244

## Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.

Ingi Tryggvason, hdl.
Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi

Sími : 437-1700 - Myndsendir: 437-1017

LANDSLÖG
LÖGFRÆÐISTOFA

Garðar Garðarsson, hrl.
Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.
Jón Sveinsson, hrl.
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.
Nökkvi Már Jónsson, hdl., fulltrúi
Viðar Lúðvíksson, hdl., fulltrúi

Hafnarhvoli
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík
Sími: 520-2900
Mynds.: 520-2901

Hafnargötu 31,
230 Keflavík
Sími: 421-1733
Mynds.:421-4733

www.landslog.is

# Frá morgunverðarfundi LMFÍ, LÍ, DÍ og Háskólans í Reykjavík

Félögin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík buðu lögfræðingum og lögmönnum til morgunverðarfundar í kaffihúsi Háskólans; Stjórnendabauninni þann 23. nóvember síðstliðinn. Efni fundarins var samstarf Háskólans í Reykjavík við félög lögfræðinga, kynning á sérhæfðu rekstar- og stjórnendanámi og styttri námskeiðum á vorönn 2002.

Helgi Jóhannesson, hrl. formaður fræðslunefndar LMFÍ kynnti samstarfið og þau Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík og Þórður S. Gunnarsson, hrl. dósent kynntu námið og námskeiðin.















*Sigurliðið „Grínarafélagið í Mörkinni“ kátir með sigurinn.*

# Meistaramót LMFÍ í knattspyrnu utanhúss 2001

Föstudaginn 5. október fór fram hið árlega meistaramót LMFÍ í utanhússknattspyrnu. Mótið var haldið að vanda á gervigrasinu í Laugardal í sannkölluðu blíðskaparveðri sem enginn veðurfræðingur þurfti að skammast sín fyrir.

Mótið var fyrst haldið þann 29. sept. 1995, og fór því fram í sjöunda skipti þetta árið.

Heldur hefur þátttaka og áhugi lögmanna daprast með árunum því í ár voru einungis 3 lið skráð til leiks, en mest hafa 6 lið mætt til þátttöku, en það var árið 1995. Mætti þá hið galvaska lið Héraðsdóms Reykjavíkur til leiks, en því miður varð ekki áframhald á þátttöku þessa föngulega liðs sem meðal annars skartaði milliríkjadómaranum Guðmundi Haraldssyni auk nokkurra héraðsdómara.

Í ár olli það vonbrigðum að hið efnilega lið Logos Utd. mætti ekki til leiks að þessu sinni, en liðið stóð sig mjög vel á síðasta ári undir styrkri stjórn Othars Arnar Petersen hrl. Er vonandi að Othari Erni framkvæmdastjóra takist að skipuleggja liðið á ný fyrir næsta ár. Góðu fréttirnar í ár voru þær að nýtt og efnilegt lið ungra lögmanna mætti til leiks í fyrsta skipti, en það var lið FC 2001. Er það vonandi að yngri hópar lögmanna slái saman í lið og fjölmenni til leiks á næstu árum og er hér með skorað á yngri lögmenn að flykkjast til leiks að ári.

Að venju mættu lið Reynslu og Léttleika og Grínarafélagsins á Mörkinni galvösk til leiks, en þessi lið hafa mætt til keppni frá upphafi og hafa skipt með sér að sigra, en sigurinn hefur fallið félögunum með eftirfarandi hætti:

| | |
|---|---|
| 1995 | Reynsla og léttleiki |
| 1996 | Reynsla og léttleiki |
| 1997 | Grínarafélagið á Mörkinni |
| 1998 | Grínarafélagið á Mörkinni |
| 1999 | Reynsla og Léttleiki |
| 2000 | Grínarafélagið á Mörkinni. |
| 2001 | Grínarafélagið á Mörkinni |

Eins og áður sagði mættu 3 lið til leiks, og hófu lið Reynslu og létttleika og FC 2001 leik kl. 17:00. Lið FC 2001 var óskrifað blað fyrir mótið, en þeir sýndu það og sönnuðu að þar eru á ferð vaskir drengir sem gáfu hinu reynda og nokkuð léttleikandi liði Jóns Steinar og félaga lítið eftir. Þó enduðu leikar svo að lið Rog L sigraði með 5 mörkum gegn 1, og vó hinn reyndi hluti Rog L þar þyngst á metum.

Annar leikur mótsins var leikur Grínarafélagsins á Mörkinni og liðs FC 2001. Endaði leikurinn með



***Hinn knái markvörður Grínarafélagsins í Mörkinni, Gunnar Jónsson, hrl. og Jóhannes A. Sævarsson, hrl. hampa bikarnum.***



***Það mátti sjá góða takta hjá mörgum leikmönnum.***



***Anton Björn Markússon, hdl., Ágúst Þorkelsson, hdl. og Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.***



***Lið FC 2001.***

sigri G og M sem skoruðu 5 mörk gegn engu marki FC 2001. Hinn vaski Gunnar Bartez hélt marki G og M hreinu af stakri snilld, og sannast á Gunnari að aldur og þyngd er afstætt hugtak í íþróttum ef keppnisandinn er á réttum stað. Elfar Rúnarsson skoraði 2 glæsileg mörk í leiknum og hefði vafalaust fengið verðlaun fyrir fallegasta mark mótsins sem hann skoraði með stórglæsilegri kollspyrnu.

Eftir þessi úrslit var ljóst að lokaleikur mótsins myndi skera úr um hvaða lið hampaði bikarnum. Þar sem G og M hafði betri markatölu hefði jafntefli nægt þeim til sigurs, en að sama skapi þurfti RogL að sigra til að tryggja sér efsta sæti.

Leikurinn var fjörugur og spennandi, en svo fór að Brynjar Níelsson hrl. gerði gæfumuninn fyrir GogM, með því að skora eina mark leiksins í síðari hálfleik með lúmsku skoti. Hafði Binni verið nokkur drjúgur að brenna af góðum færum í mótinu, en hann fékk uppreisn æru með því að tryggja GogM sigur í leiknum og þar með sigur í mótinu.

Þannig fór um sjóferð þá og lauk þar með keppnistímabili knattspyrnumanna 2001, en þann 11. maí tryggði lið RogL sér innanhússbikarinn. Er nú bara að bíða vorsins og vonandi að lögmenn mæti galvaskir til fótmennta á næsta ári, og eru yngri hópar lögmanna sérstaklega hvattir til að mæta. Einnig hefur liðum af landsbyggðinni verið sárlega saknað og er von að lið eins og Suðurnesjamenn og Vesturlandsliðið með Gísla Gíslason bæjarstjóra og KR-ing mæti brátt aftur til leiks.

**Lokastaðan varð því þessi:**

| Röð: | Lið: | U | J | T | Mörk | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Grínarafélagið á Mörkinni | 2 | 0 | 0 | 6:0 | 6 |
| 2. | Reynsla og Léttleiki | 1 | 0 | 1 | 5:2 | 3 |
| 3. | FC 2001 | 0 | 0 | 2 | 1:10 | 0 |

*Smári Hilmarsson, hdl.*
*Íþróttafréttaritari*

# Jólafundur Lögmannafélags Íslands

**Hinn árlegi jólafundur Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands var haldinn í Víkingasal Hótels Loftleiða, fimmtudaginn 6. desember s.l. Heiðursgestur á fundinum að þessu sinni var Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra. Jólafundur félaganna hefur verið geysilega vinsæll og fjöldi þátttakenda farið vaxandi ár frá ári, enda hér um að ræða kjörinn vettvang fyrir félagsmenn þessara félaga til að hittast utan hins daglega amsturs.**



*Heiðursgestur fundarins, Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra ásamt þeim Ásgeiri Thoroddsen, hrl. formanni LMFÍ og Ragnhildi Arnljótsdóttur, formanni LI.*



*Viðbrögð gesta létu ekki á sér standa eins og sést á þessari mynd. Helgi I. Jónsson, formaður DÍ, Lára V. Júlíusdóttir, hrl. og Ingimar Ingason, framkv.stj. LMFÍ.*



*Ólafur Sigurgeirsson, hrl. ásamt fríðu föruneyti kvenna úr lögmannsstétt.*



*Lögmenn í Hafnafirði ásamt fleirum.*



*Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, kennslustjóri lagadeildar HÍ ásamt bandarískum lagaprófessor og fleirum úr lagadeild.*



*Einar Gautur Steingrímsson hrl. ásamt lögmönnum úr Skeifunni.*

*Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með afmælið*

## Málflutningsstofa Snæfellsness ehf.

Pétur Kristinsson, hdl.
Reitarvegi 12, 340 Stykkishólmi.

Sími : 438-1199 - Myndsendir: 438-1152

## LÖGGARÐUR EHF.

Brynjólfur Eyvindsson, hdl
Guðni Á. Haraldsson, hrl.
Bendikt Sigurðsson, hdl.

Kringlunni 7 (11. hæð), 103 Reykjavík
Sími: 568-1636- Myndsendir: 588-8925

KPMG

## Lögmenn Höfðabakka 9

Hreinn Loftsson, hrl.
Margrét Vala Kristjánsdóttir, hdl.
Þórður Bogason, hdl.

**Fulltrúar:**
Gunnar Þór Þórarinsson, lögfr.
Ástríður Gísladóttir, hdl.

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími: 587-1286- Myndsendir: 587-1247
www.justice.is

## Lögmannsstofa Loga Egilssonar hdl.

Logi Egilsson, hdl.

Hlíðarsmára 8, 200 Kópavogi
Sími: 575-7230 Myndsendir: 575-7229

## LÖGMANNSSTOFAN FORTIS

Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hdl.

LAUGAVEGI 7 · 101 REYKJAVÍK · S: 520 5800 · WWW.LOGSTOFA.IS






# Hugur frumkvöðulsins leitar alltaf nýrra leiða að settu marki.

Lexus IS 300 Sport Cross er tákn um nýja hugsun.
Það er ekki áfangastaðurinn sem er markmiðið - heldur ferðalagið.

Hin glæsilega hönnun gefur ökumanninum aukna möguleika í stjórnun, nána tilfinningu fyrir krafti bílsins og fyllir hann spennu yfir að setjast undir stýri.

IS 300 Sport Cross er flaggskip IS línunnar, fremstur á meðal jafningja.

Komdu og upplifðu af eigin raun tilfinninguna að aka Lexus.
Það er sama hvaða gerð þú velur, útkoman verður alltaf ótrúlega hressandi og skemmtileg ökuferð.

Skaraðu fram úr á Lexus. Nú eru örfáir eldri Lexus IS200 bílar eftir.
Notaðu tækifærið - komdu og uppgötvaðu Lexus IS200.

Lexus
Nýbýlavegi 6
Sími 570 5400
www.lexus.is

LEXUS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 15866 11/2001